skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Fólk

Fyrirtækjagjafir

Ókeypis utan Airwaves
400 ókeypis uppákomur á 35 stöðum eru haldnar í tengslum við tónlistarhátíðina Icelandic Airwaves.

tónlist 28

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
31. október 2012
256. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

Sigur Rós innblásturinn
Lilja Birgisdóttir og systir hennar Ingibjörg sýna verk sem eru innblásin af plötu Sigur Rósar, Valtara.

menning 26

Tolli í 30 ár
Tolli fagnar 30 ára starfsafmæli með pólitískri sýningu um innri frið.

tímamót 22

Frumraun Arons
Ísland mætir Hvíta-Rússlandi í undankeppni EM 2014 í kvöld.

sport 30

veðrið í dag



STORMVIÐVÖRUN Í dag má búast við NA 10-18 m/s en á Vestfjörðum, Snæfellsnesi og sunnan Vatnajökuls eru horfur á stormi um tíma. Snjókoma eða él norðanlands en úrkomulítið allra syðst.

VEÐUR 4

SÉRVERKEFNI
- Hreingerningar
- Iðnaðarþrif
- Bónvinna
- Parkethreinsun
- Steinteppaþrif

ISS

www.iss.is

AFLEIÐINGAR HAMFARANNA Keith Klein og Eileen Blair virða fyrir sér eyðileggingu í Queens í New York, þar sem hátt í hundrað hús urðu eldi að bráð á mánudagskvöld meðan fellibylurinn Sandy reið yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áfengisauglýsingar færast á Facebook

Tilkynningum rignir inn um áfengisauglýsingar á Facebook þar sem enginn fyrirvari er gerður um að varan sé léttöl, segir formaður Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum. Segir of vægt tekið á málum og hvetur fólk til að kvarta.

NEYTENDAMÁL „Þessar auglýsingar eru að færast rosalega mikið inn á Facebook og alla þessa miðla," segir Árni Guðmundsson, formaður Foreldrasamtaka gegn áfengisauglýsingum.

Innlendir áfengisframleiðendur og -birgjar nýta sér í auknum mæli samfélagsmiðla, einkum Facebook, sem auglýsingavettvang. Ólíkt því sem tíðkast í sjónvarps- og blaðaauglýsingum er í vefauglýsingum alla jafna ekki gerður fyrirvari um að um léttöl sé að ræða.

Foreldrasamtökin sem Árni fer fyrir halda úti heimasíðunni Foreldrasamtok.is þar sem hægt er að senda nafnlausar ábendingar um áfengisauglýsingar, ekki síst þær sem taldar eru beinast að börnum.

Árni segir að mjög margar tilkynningar berist um auglýsingar á Facebook. „Við höfum bent fólki á að ýta á tilkynningarhnappinn og kvarta yfir því að þarna sé um ólöglega áfengisauglýsingu að ræða – að minnsta kosti á Íslandi."

> Það er voða flókið að vera með önnur lög en umheimurinn.
>
> **VALGEIR MAGNÚSSON**
> STJÓRNARMAÐUR Í SAMTÖKUM ÍSLENSKRA AUGLÝSINGASTOFA

Þá er að mati Árna ekki víst að síður á borð við Facebook séu utan íslenskrar lögsögu enda beinist markaðssetningin sérstaklega að íslenskum notendum. Hann telur að helsta ástæða þess að menn leyfi sér að gera þetta sé sú að mál af þessu tagi séu ekki tekin alvarlega hjá lögregluyfirvöldum. Hann bendir á að enginn dómur hafi fallið fyrir ólöglega auglýsingu á áfengi frá því árið 2009.

Valgeir Magnússon, stjórnarmaður í Samtökum íslenskra auglýsingastofa, segist ekki vera lögfróður maður. „En ég veit að þegar ég horfi á fótbolta um helgi, þá eru bjórauglýsingar á fótboltavellinum án þess að það sé sett léttöl yfir í íslensku útsendingunni. Það er voða flókið að vera með önnur lög en umheimurinn af því að við erum ekki lengur lokað land."

Hann segir það ekki óeðlilegan farveg að auglýsendur leiti í auknum mæli inn á netið. „Og ég held að það væri nær að kenna auglýsingalæsi í staðinn fyrir að rembast við að hefta hluti sem er ekki hægt að hefta."

- sh

Disney kaupir Lucasfilm:

Star Wars lifir

BANDARÍKIN Sjöunda Stjörnustríðsmyndin verður frumsýnd árið 2015, og næstu árin á eftir má búast við fleiri myndum. Disney-fyrirtækið er að kaupa Lucasfilm af George Lucas og með í kaupunum fylgir rétturinn að Star Wars-myndunum.

„Það er kominn tími til að ég láti Stjörnustríð í hendur nýrrar kynslóðar kvikmyndagerðarmanna," segir Lucas.

- gb

Við kaupum gull og silfur.

Radisson Blu 1919 Hotel
Posthusstraeti 2, Reykjavik
Þri. 30/10 kl 11-18
mið. 31/10 kl 11-18
fim. 1/11 kl 11-18
föst. 2/11 kl 11-18

komdu á GullAdam og þú færð ókeypis mat á gömlu skartgripunum þínum. Einungis þarf að koma með skilríki til að geta fengið borgað í reiðufé.

GullAdam

Við kaupum allar gerðir af gulli og silfur!

Gleðilega Hrekkjavöku

Hryllilegt úrval af hræðilegum vörum!

PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11 • sími 534 0534
Amarohúsið • sími 534 3505

SPURNING DAGSINS



Bjarni, hvort ertu betri í bassaplokki eða að gera plokkfisk?

„Ég get gert mér mat úr hvoru tveggja, en ég held ég verði að nefna bassaplokkið."

Bjarni Siguróli Jakobsson var nýlega sæmdur titlinum matreiðslumaður ársins. Hann hóf nám í bassaleik, en sneri blaðinu við og fór í matreiðslunám.

Aðalmeðferð í máli þrotabús BGE vegna lána sem starfsfólk Baugs fékk til hlutabréfakaupa í Baugi:

Segja lánin ekki fela í sér persónulegar ábyrgðir

DÓMSMÁL Mál þrotabús BGE eignarhaldsfélags gegn Gunnari Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Baugs Group, var tekið til aðalmeðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Málið snýst um lán sem Gunnar, ásamt öðrum starfsmönnum, fékk til þess að kaupa hlutabréf í Baugi í gegnum BGE.

BGE var stofnað í nóvember 2003 í þeim tilgangi að halda utan um kaupréttarsamningakerfi starfsmanna Baugs.

Kerfið, sem var hannað af KPMG, virkaði þannig að Kaupþing lánaði Baugi, gegn veði í hlutabréfum félagsins, og Baugur lánaði féð síðan áfram til starfsmanna Baugs. Starfsmennirnir fengu lánað fyrir hlutabréfum sem þeir máttu svo selja á ákveðnum tímum.

Starfsmennirnir halda því fram að lánin feli ekki í sér persónulegar ábyrgðir. Þessu er skiptastjóri þrotabúsins ósammála.

Á Vísi.is kemur fram að fjörutíu starfsmenn Baugs hafi gert slíka samninga, en skiptastjóri BGE ákvað að láta reyna á innheimtu fimmtán stærstu skuldaranna.

Meðal stærstu skuldara voru, auk Gunnars, þeir Jón Ásgeir Jóhannesson, þá aðaleigandi Baugs, Skarphéðinn Berg Steinarsson og Stefán H. Hilmarsson.

Þeir fjórir skulduðu samanlagt rúman milljarð króna en heildarlánin voru 3,4 milljarðar.

Niðurstöðu í málinu má vænta innan nokkurra vikna.

Tekið skal fram að Jón Ásgeir er eiginmaður Ingibjargar Pálmadóttur, aðaleiganda 365 sem gefur meðal annars út Fréttablaðið.

- þj

FYRIR DÓMI Aðalmeðferð í máli BGE gegn Gunnari Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Baugs, fór fram í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ráðherra misstígur sig:

Ríkisstjórnin sett í kynjanám

FRAKKLAND, AP Ákveðið hefur verið að allir ráðherrar í ríkisstjórn Frakklands fái sérstaka fræðslu um kynjamisrétti, sem á að hjálpa þeim að forðast staðlaðar kynjaímyndir.

JEAN-MARC AYRAULT

Jean-Marc Ayrault, forsætisráðherra Frakka, sem hafði frumkvæði að þessu eftir að Stephane Le Foll, landbúnaðarráðherra, gaf í skyn í viðtali að konur réðu ekki við tæknivinnu.

„Ég hef reynt að efla veg kvenna eftir megni, jafnvel þótt sum málin okkar séu mjög tæknileg," sagði Le Foll.

- gb

Hörð átök í Sýrlandi:

Loftárásir dynja á uppreisnarliði

SÝRLAND, AP Stjórnarherinn í Sýrlandi gerði harðar loftárásir á uppreisnarmenn í gær, meðal annars í úthverfi höfuðborgarinnar Damaskus þar sem rúmlega 20 manns létu lífið.

Loftárásir voru líka gerðar á borgina Maaret al Numan, sem er á þjóðveginum milli Damaskus og Aleppo, tveggja stærstu borga landsins.

Uppreisnarmenn náðu þessari borg á sitt vald 10. október.

- gb

VIÐSKIPTI

Fjör á húsnæðismarkaði

Alls var 123 kaupsamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna 19. til 25. október. Heildarvelta á húsnæðismarkaði var 3.476 milljónir króna sem er nokkru meira en síðustu vikur. Vikuleg meðalvelta það sem af er árinu er 2.975 milljónir.

Arkitekt svikanna fékk þrjú og hálft ár

Helgi Ragnar Guðmundsson, 32 ára fyrrverandi fasteignasali, dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir að skipuleggja stórfelld svik út úr Íbúðalánasjóði. Tveir helstu samverkamenn hans fá þriggja ára og fimmtán mánaða dóma.

DÓMSMÁL Fimm menn voru í gær dæmdir fyrir að svíkja samtals fjörutíu milljónir króna út úr Íbúðalánasjóði og draga sér tólf milljónir af reikningi eignarhaldsfélags.

Þyngsta dóminn fékk Helgi Ragnar Guðmundsson, 32 ára, sem var talinn arkitektinn að svikunum og er sakfelldur fyrir að skipuleggja þau frá upphafi til enda. Helgi Ragnar var upphaflega ekki meðal hinna ákærðu en bættist við á síðari stigum þegar einn hinna ljóstraði upp um aðild hans að málinu.

Ef marka má framburð sakborninga og það sem fram kemur í dómsniðurstöðunni má rekja svikin til þess að tveir hinna dæmdu, Vilhjálmur Símon Hjartarson og Jens Tryggvi Jensson, hafi skuldað tveimur mönnum peninga vegna fíkniefnaviðskipta. Hvorugur þeirra hefur viljað nafngreina mennina.

Ónefndu mennirnir hafi síðan komið þeim í samband við Helga Ragnar, sem hafi leitt þá í allan sannleika um það hvernig þeir ættu að falsa ógrynni skjala, koma sér í stjórnir eignarhaldsfélaga, slá lán fyrir fasteignum og stinga tugmilljónum undan. Með því hafi þeir átt að sleppa við skuldirnar.

Vilhjálmur Símon hlýtur fimmtán mánaða fangelsi í málinu, og er sérstaklega tiltekið í dómnum að aðstoð hans við að bendla Helga Ragnar við málið sé virt honum til refsilækkunar. Það sama er sagt um Jens Tryggva, en hann fær þó þriggja ára dóm, enda var hann ekki alveg jafnsamvinnuþýður og kom einnig að fleiri þáttum málsins en Vilhjálmur Símon.

SAGÐI TIL HÖFUÐPAURSINS Vilhjálmur Símon Hjartarson sagði frá Helga Ragnari í von um að fá vægari dóm. Ekki er annað að sjá en að það hafi gengið eftir.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tveir til viðbótar, sem lánuðu bankareikninga sína til að liðka fyrir svikunum, fá níu og sjö mánaða fangelsisdóma, sem að öllu leyti eru skilorðsbundnir.

Helgi Ragnar vildi sáralítið tjá sig um málið í yfirheyrslum hjá lögreglu og við skýrslutökur fyrir dómi og neitaði að svara flestum spurningum sem fyrir hann voru lagðar.

Í dómsniðurstöðunni segir að hinir sakborningarnir hafi hvorki haft „þekkingu né burði til að skipuleggja og útfæra jafn umfangsmikið og flókið brot". Helgi Ragnar hafi hins vegar bæði haft „tilskilda þekkingu og mikla reynslu af fasteignaviðskiptum og fyrirtækjarekstri". Hann eigi sér engar málsbætur.

Féð sem svikið var undan er allt ófundið. Engum bótakröfum var hins vegar haldið á lofti í sakamálinu.

stigur@frettabladid.is

Auður Laxness látin 94 ára

Auður Sveinsdóttir Laxness lést hinn 29. október, 94 ára að aldri.

Auður fæddist 30. júlí 1918 og ólst upp í Vesturbæ Reykjavíkur. Hún giftist Halldóri Laxness rithöfundi í desember 1945 og bjuggu þau ásamt dætrum sínum, Sigríði og Guðnýju, að Gljúfrasteini í Mosfellsdal.

Auður var handavinnukennari að mennt og vann um árabil að félagsmálum og kvenréttindabaráttu. Hún var meðal stofnenda kvennablaðsins Melkorku árið 1944 og sat auk þess lengi í ritnefnd tímaritsins Hugur og hönd.

Auður dvaldi síðustu ár á Dvalarheimilinu Grund í Reykjavík.

Tölur frá Hagstofu Íslands:

Færri gjaldþrot en á síðasta ári

HAGSTOFA Fyrstu níu mánuði ársins hafa 789 fyrirtæki verið tekin til gjaldþrotaskipta, en það er tæplega þrjátíu prósenta fækkun frá sama tíma í fyrra þegar 1.122 fyrirtæki urðu gjaldþrota. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Flest gjaldþrot í ár eru í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Alls voru 128 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í septembermánuði en á sama tímabili voru 138 ný einkahlutafélög skráð hér landi.

Fyrstu níu mánuði ársins hafa 1.330 félög verið nýskráð sem er sex prósenta aukning frá sama tíma í fyrra.

- þj

Stökktu til Tenerife
6. nóvember
Frá aðeins kr. 109.900 í 15 nætur

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 6. nóvember til Tenerife. Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði.

Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.

Kr. 109.900 – 15 nátta ferð
Netverð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð.

Kr. 139.900 - með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna.

Kr. 169.900 - með „öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillu. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir

Slökkviliðstjórinn í Borgarbyggð segir liðið of þunnskipað á sumarhelgum:

Bara spurning hvenær illa fer

ÖRYGGISMÁL Bjarni K. Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarbyggð, segir það vera sér mikið áhyggjuefni hversu illa liðið sé mannað um helgar á sumrin.

„Það er aðeins fyrir fórnarlund þess einstaka mannskaps sem ég hef að þetta hefur sloppið til hingað til," segir Bjarni við Fréttablaðið.

Í bréfi til byggðaráðs Borgarbyggðar segir Bjarni eldsvoða sem varð hjá fyrirtækinu Loftorku í september í fyrra dæmi um ástandið. Þar hafi eldur kraumað í olíu og feiti þannig að nánast öll eininga-steypuhús fyrirtækisins hafi fyllst af kolsvörtum reyk.

„Þá voru tiltækir í Borgarnesi sex menn og einungis fyrir harðfylgi og hárrétt viðbrögð þeirra tókst að forða hundraða milljóna króna tjóni," segir Bjarni í bréfinu. „Að þónokkrum tíma liðnum komu úr liðseiningum okkar á Hvanneyri og Reykholti níu menn til viðbótar þannig að tiltækir voru fimmtán menn þann daginn en oft er ástandið miklu verra um helgar og einungis spurning um hvenær illa fer."

Við Fréttablaðið segir Bjarni lausnina einfaldlega felast í því að fé verði sett í að tryggja aukinn liðsafla þannig að fimm manna vaktir verði um helgar á sumrin. Ekki sé endalaust hægt að treysta á að menn séu tiltækir að stökkva til þegar á reynir.

BORGARNES Gríðarleg umferð er um Borgarfjörð á sumrin og mikill fjöldi gesta dvelur á svæðinu. Slökkviliðsstjórinn vill efla vaktir þessa mánuði.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Byggðaráðið samþykkti að óska eftir að forstöðumaður umhverfis- og skipulagssviðs gerði minnisblað um málið.

- gar

KEMUR ÚT Á MORGUN



„. . . ber höfuð og herðar yfir aðra krimmahöfunda hér á landi.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
FRÉTTATÍMINN

„Fremstur norrænna sakamálahöfunda.“

THE TIMES

SAGAN HEFST HÉR
– FYRSTA MÁL ERLENDAR

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

GENGIÐ 30.10.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,02	127,62
Sterlingspund	204	205
Evra	164,47	165,39
Dönsk króna	22,047	22,177
Norsk króna	22,067	22,197
Sænsk króna	19,05	19,162
Japanskt jen	1,5979	1,6073
SDR	195,31	196,47

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 227,203

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþýðusambandið kannaði matarverð í verslunum á föstudag og laugardag:

Verð á matvöru nánast óbreytt

NEYTENDUR Við samanburð verðkönnunar ASÍ í matvöruverslunum föstudaginn 26. október og laugardaginn 27. október kemur í ljós að verð á þeirri matvöru sem verðlagseftirlitið skoðaði var nánast óbreytt. Hagkaup var eina matvöruverslunin þar sem engar verðbreytingar voru á milli fyrrgreindra daga, að því er segir í fréttatilkynningu frá ASÍ.

Af þeim matvörum sem skoðaðar voru hækkaði verðið mest á iceberg-salati, blómkáli, tómötum og agúrku hjá versluninni Nettó í Mjódd eða um 43 prósent milli daga. Aðrar vörur sem hækkuðu milli daga voru t.d. Myllu-hveitibrauð sem hækkaði um 12 prósent hjá Krónunni og Holta-kjúklingapylsur um 15 prósent hjá Nóatúni.

INNKAUP Salat- og grænmetisverð hækkaði mest milli kannana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mesta lækkunin á milli kannananna var á kartöflum í lausu eða um 30 prósent hjá Nettó. Bíó bú kókosjógúrt lækkaði um sex prósent hjá Nóatúni og jarðarberja Húsavíkurjógúrt lækkaði um átta prósent hjá Bónus.

Könnunin var gerð hjá Bónus Kringlunni, Krónunni Granda, Nettó Mjódd, Fjarðarkaupum Hafnarfirði, Iceland Engihjalla, Nóatúni Hringbraut og Hagkaupum Holtagörðum. Kostur, Samkaup Úrval og Víðir neituðu þátttöku. - ibs

Íslandspóstur fær heimild:

Lokar á Flateyri og á Bíldudal

STJÓRNSÝSLA Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur heimilað Íslandspósti að loka póstafgreiðslustöðum fyrirtækisins á Flateyri og á Bíldudal.

„Er það mat stofnunarinnar að sú þjónusta sem Íslandspóstur hyggst bjóða íbúum þessara bæjarfélaga í staðinn fullnægi gæðakröfum laga um póstþjónustu nr. 19/2002, sem og þeim skyldum sem hvíla á fyrirtækinu sem alþjónustuveitanda," segir á vef PFS. - óká

Mannlíf á Austurlandi:

Fljótsdalshérað styrkir þætti

SVEITARSTJÓRNIR Fljótsdalshérað styrkir sjónvarpsstöðina N4 á Akureyri til að halda úti sjónvarpsþætti Gísla Sigurgeirssonar um mannlíf, listir og menningu á Austurlandi.

„Þættirnir hafa fengið gríðargóðar viðtökur og almenn ánægja með þáttinn um allt land," segir í erindi þar sem N4 óskar eftir 50 þúsund krónum á mánuði út júní á næsta ári frá Fljótsdalshéraði. „Það er sama upphæð og sveitarfélögin hafa verið að greiða," segir í bréfi N4. Fram kemur að leitað sé eftir stuðningi frá fleiri sveitarfélögum og fyrirtækjum eystra. - gar

Með grunsamlegan lyfseðil:

Falsaði „forte" við parkódínið

LÖGREGLUMÁL Lögregla var kvödd til þegar viðskiptavinur apóteks á Suðurnesjum reyndi nýverið að framvísa fölsuðum lyfseðli.

Starfsmanni apóteksins þótti seðillinn grunsamlegur og hafði samband við lækninn sem gaf hann út. Sá sagðist hafa skrifað upp á verkjalyfið parkódín, en á seðlinum var búið að bæta orðinu „forte" aftan við. Slíkt lyf er mun sterkara. Viðkomandi harðneitaði að hafa breytt seðlinum, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu, en viðurkenndi að hafa lagt hann frá sér og líklega hefði þá einhver skrifað á hann. - sh

PRÓFKJÖR

Jónína Ben vill fyrsta sæti

Jónína Benediktsdóttir býður sig fram í fyrsta sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður. Jónína er íþróttafræðingur að mennt og hefur starfað innan Framsóknarflokksins undanfarna mánuði.

Sauðfé er langflest og kartöflurnar vega þyngst

Hagstofan hefur gefið út rit um landbúnaðartölfræði á Íslandi. Ýmissa grasa kennir í ritinu og kemur meðal annars fram að ríflega fjórðungur býla hefur meira en helming tekna af annarri starfsemi en landbúnaði.

LANDBÚNAÐUR Um 15 prósent af flatarmáli Íslands eru nýtt til landbúnaðar af tæplega 2.600 býlum. Hér eiga bændur 11.004 dráttarvélar en þar af eru 6.396 enn í notkun.

Þetta er meðal upplýsinga sem Hagstofan hefur tekið saman og má finna í nýjasta eintaki Hagtíðinda. Er þetta í fyrsta skipti sem Hagstofan gefur út yfirlit um landbúnaðartölfræði en Hagstofan fékk svokallaðan IPA-styrk frá Evrópusambandinu til að setja af stað átaksverkefni um skýrslugerð í landbúnaði.

Í ritinu er að finna yfirlit yfir bústofn og uppskeru árið 2011. Sennilega kemur fáum á óvart að af dýrum á íslenskum býlum sé mest af sauðkindinni, en stofninn er 474.759 skepnur. Alifuglar eru 370.063, nautgripir eru 72.773, svín eru 32.281, hross eru 78.277 og minkar 39.892.

Þá vegur kartöfluuppskera bænda þyngst. Þannig voru framleidd 7.222 tonn af kartöflum á árinu 2011. Þá voru framleidd 1.605 tonn af tómötum, 1.582 tonn af gúrkum og 755 tonn af gulrótum svo eitthvað sé nefnt. Þá var heyuppskera íslenskra bænda 347.874 tonn af þurrefni.

Loks kemur fram í Hagtíðindum að önnur tekjuskapandi starfsemi er stunduð á ríflega fjórðungi íslenskra býla til hliðar við landbúnað. Þá hafa 8,2 prósent býla meira en helming tekna af annarri starfsemi en landbúnaði. Algengast er að býli hafi aðrar tekjur af ferðaþjónustu en þar á eftir kemur verktakastarfsemi í landbúnaði.

magnusl@frettabladid.is

Framleiðslan 2011 í tonnum



Bústofn 2011



Nytjað landbúnaðarland 2010

16.000 km²

Býli á Íslandi 2010



Vilt þú fá meira út úr golfinu?

Hentar þeim, sem vilja hámarka árangur sinn í golfi og komast í betra form!

Þjálfun til að auka þol og styrk, ásamt sérhæfðum æfingum til að bæta golfsveifluna og koma í veg fyrir meiðsli.

Í form fyrir golfið

- Hefst 6. nóvember - 4 vikur
- Þri og fim í hádeginu kl. 12:10-12:55
- Þjálfari: Árndís Hulda Óskarsdóttir
- Verð kr. 12.900

Skráning í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

HRÍÐARBYLUR ríkir með köflum á landinu norðanverðu næstu daga. Það er útlit fyrir snjókomu eða él og norðanáttin verður heldur stíf. Horfur eru á stormi, einkum á Vestfjörðum og Snæfellsnesi en einnig sunnan við Vatnajökul. Farið varlega!



HEIMURINN

Alicante	20°
Basel	9°
Berlín	7°
Billund	8°
Frankfurt	8°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	25°
London	11°
Mallorca	20°
New York	13°
Orlando	23°
Ósló	6°
París	11°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

YARIS

Hannaður með framtíðina í huga

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 61686 10/12

YARIS ER LEIÐANDI BÍLL.
Hann er búinn Toyota Touch kerfinu sem inniheldur bakkmyndavél, snertiskjá og framtíðarvænt fjarskiptakerfi sem veitir þér m.a. aðgang að tónlistinni þinni, upplýsingar úr aksturstölvu og notkunarmöguleika með farsímanum þínum. Toyota Touch & Go gefur þér kost á kortaleiðsögn á íslenskum vegum.

Það er sama hvert þú ætlar í lífinu. Yaris með Toyota Touch & Go, bakkmyndavél, sjö loftpúðum og eldsneytisnýtingu frá 3.9 l á 100 km auðveldar þér vegferðina. Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is/yaris

Verð frá 2.590.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

TOYOTA TOUCH & GO

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir fellibylurinn sem gengið hefur yfir austurströnd Bandaríkjanna?*
2. *Hver er slökkviliðsstjóri í Borgarbyggð?*
3. *Hvaða stórsöngvari hefur hætt við þátttöku í Jólagestum Björgvins?*

SVÖR:
1. Sandy. 2. Bjarni K. Þorsteinsson. 3. Egill Ólafsson.

Umdeild skýrsla Ríkisendurskoðunar um Oracle-kerfið var birt í gær eftir áralanga bið:

Ríkið standi betur að kaupum og innleiðingu

STJÓRNSÝSLA Áætlanagerð vegna kaupa og innleiðingar ríkisins á fjárhags- og mannauðskerfinu Oracle var ábótavant, að því er segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kom út í gær.

Í skýrslunni kemur fram að bæði hafi innleiðingartími verið vanáætlaður og stofnkostnaður kerfisins. Þá hafi heildarkostnaður kerfisins ekki verið metinn, eins og segir í skýrslunni.

Ríkisendurskoðun beinir því til stjórnvalda að standa framvegis betur að málum við kaup og innleiðingu hugbúnaðar. Skýrsla stofnunarinnar um málið byggir að hluta til á sömu gögnum og ófullkomin skýrsludrög frá árinu 2009 en hefur verið unnin algjörlega frá grunni á þremur vikum.

Oracle-málið olli miklu fjaðrafoki á Alþingi eftir að umfjöllun um málið birtist í Kastljósi í haust. Stjórnarliðar hafa gagnrýnt Ríkisendurskoðun fyrir seinagang við vinnu skýrslunnar og hafa Björn Valur Gíslason og Valgerður Bjarnadóttir, þingmenn úr stjórnarliðinu, látið þung orð falla.

RÍKISENDURSKOÐANDI Styr hefur staðið um Svein Arason ríkisendurskoðanda vegna skýrslunnar um Oracle-kerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 1. nóvember gefur Íslandspóstur út jólafrímerki og frímerkjaröð tileinkaða annarri kynslóð frumherja í íslenskri myndlist. Einnig kemur út frímerki þar sem myndefnið er kóngssveppur. Boðið er upp á Jólaprýði Póstsins 2012 í gull- og silfurlit. Myndefni jólafrímerkjanna og Jólaprýðinnar er sótt í þjóðsöguna um Nátttröllið.

Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN

Í RÁÐHÚSINU Í GÆR Borgarfulltrúar Besta flokksins og Samfylkingarinnar kynntu fjárhagsáætlunina í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Afgangur af rekstri Reykjavíkur 2013

Gert er ráð fyrir myndarlegum rekstrarafgangi hjá Reykjavíkurborg á næsta ári. Fjárhagsáætlun ársins 2013 var kynnt í gær. Borgarstjóri segir hag borgarinnar að vænkast. Oddviti Sjálfstæðismanna gagnrýnir forgangsröðun meirihlutans.

STJÓRNSÝSLA Gert er ráð fyrir að samstæða Reykjavíkurborgar skili 7,6 milljarða króna afgangi á næsta ári. Þar af stendur til að A-hluti hennar, hinn eiginlegi rekstur borgarinnar, skili 329 milljóna króna afgangi. Borgarstjórnarmeirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar kynnti í gær fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og svokallaða fimm ára áætlun fyrir árin 2013 til 2017.

Jón Gnarr borgarstjóri kynnti áætlunina á kynningarfundi í Ráðhúsinu með þeim orðum að hún leiddi í ljós að hagur borgarinnar væri að vænkast. „Við höfum ástundað það sem við höfum gjarnan kallað ömmuhagfræði sem einkennist af sparnaði, ábyrgð og niðurgreiðslu skulda. Jafnframt höfum við staðið þétt við velferðarmálin og nú er svo komið að við leggjum fram fjárhagsáætlun sem er að mestu leyti gleðileg.“

Í áætluninni er gert ráð fyrir að rekstrartekjur borgarinnar verði 126 milljarðar á árinu 2013 en rekstrargjöld 107 milljarðar. Þá mun handbært fé frá rekstri nema 28,5 milljörðum, standist áætlunin, en þar af renna 20,9 milljarðar í afborganir og vexti af skuldum.

Til samanburðar stefnir í að handbært fé frá rekstri verði 25,3 milljarðar á þessu ári miðað við 119 milljarða í rekstrartekjur og 101 milljarð í rekstrargjöld. Rekstrarniðurstaða á þessu ári er hins vegar ráðgerð neikvæð um tæplega milljarð.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, tók einnig til máls á kynningarfundinum í gær. Vakti hann meðal annars athygli á þeirri áskorun borgarinnar að einstaklingum sem þurfa fjárhagsstoð frá borginni myndi fjölga um mörg hundruð um áramótin þar sem réttur þeirra til atvinnuleysisbóta væri þá runninn út.

Sagði Dagur að fjárframlög til fjárhagsaðstoðar myndu af þessum sökum aukast um ríflega milljarð króna. „Þar að auki munum við setja töluverða peninga í atvinnutengd átaksverkefni fyrir þennan hóp og í framkvæmdir,“ sagði Dagur. Alls mun borgarsjóður verja um sjö milljörðum í framkvæmdir á næsta ári en meðal þess sem stendur fyrir dyrum eru gagngerar endurbætur á Hverfisgötu.

Eins og áður sagði var einnig kynnt fjárhagsáætlun til fimm ára í gær. Þar er gert ráð fyrir stigbatnandi rekstrarniðurstöðu og örri niðurgreiðslu skulda. Standist áætlunin mun Reykjavíkurborg uppfylla nýlegar reglur um hlutfall skulda sveitarfélaga af reglulegum tekjum árið 2016. Samkvæmt reglunum má það hlutfall ekki vera hærra en 150%. Þá er gert ráð fyrir því að útsvarshlutfall og gjaldskrárprósentur hjá borginni verði óbreytt öll þessi fimm ár.

magnusl@frettabladid.is

Forgangsraðað á kostnað fólksins

Minnihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur gagnrýndi fjárhagsáætlun meirihlutans á borgarstjórnarfundi í Ráðhúsinu í gær. Þar sagði Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, meðal annars: „Það sem einkennir þessa áætlun, líkt og fyrri áætlanir þessa meirihluta, er að enn og aftur er forgangsraðað á kostnað fólksins en í þágu kerfisins. Á valdatíma sínum hér í Reykjavík hefur þessum meirihluta tekist að festa í sessi hærri skatta, meiri skuldir, aukinn rekstrarkostnað og almennt versnandi hag fólksins í borginni.“

Þá segir í fréttatilkynningu frá borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins að skatta- og gjaldskrárhækkanir meirihlutans á kjörtímabilinu hafi kostað meðalfjölskyldu í Reykjavík 330.000 krónur og að á sama tíma hafi borgarkerfið stækkað en skatttekjur hafa vaxið úr 50 milljörðum árið 2010 í 66,2 milljarða miðað við fjárhagsáætlun ársins 2013.



CARTOON NETWORK ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

Ljómandi
góðar Sóma-samlokur!

Vöruúrvalið í 10-11
er frábært og þar finnurðu
að sjálfsögðu uppáhalds
Sómasamlokuna þína!

Fiton ehf./SIA

10-11
Fljótlegt og þægilegt

FRÉTTASKÝRING: Hamfarir í Bandaríkjunum

Eyðileggingin sögð ólýsanleg

Fellibylurinn Sandy kostaði tugi manna lífið í norðaustanverðum Bandaríkjunum. Meira en átta milljónir manna voru án rafmagns og lestarsamgöngur í New York komast vart í gang aftur fyrr en um helgina. Tjónið kemur betur í ljós á næstu dögum.

BANDARÍKIN „Þetta voru skelfilegar hamfarir, hugsanlega þær verstu sem íbúar í New York hafa nokkru sinni upplifað," sagði Michael Bloomberg, borgarstjóri í New York, á Twitter-síðu sinni. Hann sagði líklegt að afleiðingarnar kæmu ekki almennilega í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum.

„Eyðileggingin við strendur New Jersey er ólýsanleg," sagði Chris Christie, ríkisstjóri í New Jersey, í viðtali á sjónvarpsstöðinni CNN.

Íbúar í New York og meðfram ströndum New Jersey urðu einna verst úti í hamförunum þegar fellibylurinn Sandy skall á seint á þriðjudegi. Tala látinna var síðdegis í gær komin upp í 35 og var búist við að hún myndi hækka.

Auk veðurofsans, sem fór sums staðar yfir 50 metra á sekúndu, voru það flóðin sem ollu einna mestu tjóni. Í New York flæddi niður í nokkrar neðanjarðarstöðvar og bílastæðakjallara og víða í borgum og bæjum New Jersey var allt á floti.

Reiknað er með því að lestarsamgöngur í New York komist ekki í gang aftur fyrr en um helgina, en strætisvagnakerfið byrjaði að rumska í gær og leigubílstjórar eru komnir í fulla vinnu.

VATN FLÆÐIR NIÐUR Í BÍLASTÆÐAKJALLARA Miklar skemmdir urðu á neðanjarðarstöðvum og bifreiðum í bílakjöllurum vegna flóða í New York. NORDICPHOTOS/AFP

FRAMHLIÐIN HRUNDI Í New York urðu íbúar í húsi einu fyrir því að framhlið hússins hrundi í veðurofsanum. NORDICPHOTOS/AFP

Meira en átta milljón manns voru án rafmagns og má búast við að marga daga taki að koma rafmagni á sums staðar. Meðal annars þykir ólíklegt að alls staðar verði komið á rafmagn fyrir forsetakosningarnar, sem haldnar verða á þriðjudag í næstu viku. Óttast er að það geti jafnvel torveldað framkvæmd kosninganna.

Taka þurfti nokkra kjarnaofna í New Jersey úr notkun tímabundið, en ekki var talið í gær að hætta stafaði af neinum þeirra. Töluvert dró úr krafti veðurofsans eftir að stormurinn Sandy kom af hafi og inn á land, en hann stefndi í gær til Kanada og var farinn að valda þar verulegum usla þótt vindstyrkurinn hefði minnkað.

Þá olli mikil snjókoma í Vestur-Virgíníu miklum vandræðum í gær.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

ÖLDURNAR HAMAST Á VITA Veðurofsinn var kominn langt inn á land í gær, þar sem þessi viti við strendur Erie-vatns varð fyrir miklum ágangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ERFIÐ AKSTURSSKILYRÐI Bílstjórar í New York þurftu að hafa nokkuð fyrir því að aka gegnum flóðvatnið. NORDICPHOTOS/AFP

Heilu hverfin á floti

„Ég var bara mjög heppin. Við erum enn með rafmagn og vatn en gamla íbúðin mín er komin þrjá metra undir vatn og gömlu vinnustaðirnir mínir eru á floti," segir Kristín Agnarsdóttir, grafískur hönnuður, sem búsett er í Williamsburg í New York.

Kristín segir að í fyrrakvöld hafi henni þótt viðbúnaður yfirvalda heldur mikill en þegar líða fór á kvöldið hafi hún áttað sig á vindstyrknum. „Þá sá ég að það var byrjað að flæða upp úr ræsunum og sá hvernig vindurinn var farinn að rífa í trén. Fólk gekk meðfram veggjum til að forðast vindinn. Síðan fóru mársteinar að fjúka af húsum – það var eiginlega bara bilun að sjá hvað þessi vindur var sterkur," segir Kristín. „Núna eru allar brýr lokaðar og heilu hverfin á floti. Ég ætlaði að fara að labba inn í Manhattan en það má enginn fara inn – bara út."

Þegar Fréttablaðið náði tali af Kristínu í gær var hún úti á gangi. „Vatnsyfirborðið er að lækka og ástandið versnar ekki héðan í frá. Nú verður farið í að koma rafmagni aftur á og bæta samgöngur."

Skipulagi kosningabaráttunnar rústað

Allt skipulag kosningabaráttu þeirra Baracks Obama og Mitts Romney fór úr skorðum þegar stormurinn Sandy skall á austurströnd Bandaríkjanna, aðeins viku fyrir forsetakosningar.

Báðir hættu þeir við fyrirhugaða kosningafundi í lykilríkjum, þar sem fylgið getur sveiflast í hvora áttina sem er. Báðir höfðu þeir ætlað að verja síðustu vikunni fyrir kosningar í stíf fundahöld í von um að geta togað til sín fylgi á síðustu metrunum.

Obama hefur notfært sér út í æsar þetta tækifæri, sem hann fær rétt fyrir kosningar, til að sýna hvað í sér býr þegar hætta steðjar að þjóðinni. Standi hann sig ekki nógu vel getur það komið honum í koll á kjördegi.

Romney fær engan veginn jafn mikla athygli og forsetinn, sem ávarpar þjóðina og talar við blaðamenn milli þess sem hann kynnir sér ástandið og talar við yfirmenn almannavarna.

Svo virðist sem bæði Romney og Paul Ryan, varaforsetaefni hans, hafi dregið verulega úr gagnrýni sinni á Obama til þess að ekki líti svo út sem þeir séu að notfæra sér ástandið í pólitískum tilgangi.

www.volkswagen.is

Volkswagen Polo
- fyrir okkur öll

Meðaleyðsla aðeins
5,5 lítrar á hverja 100 km

Polo 1.2 bensín kostar aðeins:
2.350.000 kr.
Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestafla, beinskiptur

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

TVÖFALDUR ★★ FYRSTI VINNINGUR

2500 MILLJÓNIR



300.000.000
+2.200.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 2.500.000.000

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 300 milljónir
og Ofurpotturinn í 2.200 milljónir.
Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

VETRAROPNUN
SÖLU LÝKUR KL. 17

MEÐ BÖRNIN OG KYRKISLÖNGU Þessi arabíski faðir í Ísrael stillir sér upp til myndatöku ásamt sonum sínum tveimur og myndarlegri kyrkislöngu í tilefni fórnarhátíðar múslíma um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

Avion Express verður áfram flugrekandi Wow Air og stefnt er á stækkun flotans:

Fá fjórar nýjar vélar til landsins

VIÐSKIPTI Wow Air ætlar að taka fjórar nýlegar Airbus A320-flugvélar í notkun fyrir næsta vor. Fyrsta vélin er komin til landsins.

Vélarnar koma til landsins í gegnum Avion Express, sem hefur verið flugrekandi fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur því ekki skipt um flugrekanda eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær.

Skúli Mogensen, forstjóri og aðaleigandi Wow Air, segir í fréttatilkynningu að eftir yfirtökuna á Iceland Express fyrr í mánuðinum sé verið að stórauka leiðakerfi og tíðni ferða.

Að því er fram kemur í tilkynningu Wow eru nýju Airbus-vélarnar mun sparneytnari en eldri vélar félagsins og menga einnig umtalsvert minna.

Þá ætlar fyrirtækið að efna til hönnunarsamkeppni um hvernig nýju vélarnar eiga að vera merktar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur öllu starfsfólki Iceland Express verið sagt upp störfum. Einhverjir af starfsmönnum á skrifstofu verða endurráðnir. -**þeb**

AIRBUS Þessi vél er ein af þeim fyrstu sem Wow Air fékk til landsins. Hún er af sömu gerð og nýju vélarnar, Airbus A320.

Tilmæli til rjúpnaveiðimanna:

Ekki skjóta trén á Skagaströnd

UMHVERFISMÁL Sveitarfélagið Skagaströnd og Skógræktarfélag Skagastrandar skora á rjúpnaveiðimenn að stunda veiðarnar utan skógræktarsvæðisins í Spákonufellsborg.

„Síðastliðið sumar var mjög augljóst að talsvert af þeim viðkvæma trjágróðri sem þar er að vaxa upp hafði orðið fyrir haglaskotum og skemmst vegna þess," segir í ákalli á heimasíðu sveitarfélagsins undir fyrirsögninni: Ekki skjóta tré!

- gar

Auglýsing um álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2012

Álagningu tekjuskatts er lokið á lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla, sbr. og 4. mgr. 71. gr., sem og álagningu annarra opinberra gjalda lögaðila sem lögð skulu á vegna tekjuársins 2011 skv. VIII.-XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Álagningarseðlar eru nú aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra á www.rsk.is og www. skattur.is.

Álagningarskrár, sem sýna álagða skatta á lögaðila í viðkomandi sveitarfélagi, liggja frammi á starfsstöðvum ríkisskattstjóra eða sérstaklega auglýstum stöðum dagana 31. október til 14. nóvember 2012 að báðum dögum meðtöldum.

Kærufresti vegna álagningar þeirra skatta og gjalda, sem álagning þessi tekur til, lýkur föstudaginn 30. nóvember 2012.

Auglýsing þessi er birt, sbr. 98. gr. framgreindra laga.

31. október 2012

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

LÁTTU FAGMENN META GULLIÐ

Sérstaða okkar hjá **Jóni og Óskari** er sú að við höfum keypt og selt gull í 41 ár og búum því yfir mikilli þekkingu, reynslu og fagmennsku á þessu sviði.

Við kaupum til endurvinnslu allar tegundir af **gullskartgripum**, gamla og nýja, gullúr, tanngull, gullpeninga, hvers kyns silfur og demanta í betri skartgripagæðum.

Við bjóðum gott og alþjóðlega samkeppnishæft verð fyrir gripina og framleiðum úr öllu gulli sem við kaupum. Þannig spörum við gjaldeyri.

Komdu til okkar á **Laugaveg 61** og leyfðu okkur að veita þér **faglega ráðgjöf** sem tryggir að þú færð rétta greiningu á þínum verðmætum. **Það skiptir mestu máli.**

Við staðgreiðum allt gull en áskiljum okkur rétt til að biðja um persónuskilríki. Aðeins í verslun okkar að Laugavegi 61, virka daga milli kl. 10–18.

Góð séraðstaða þar sem gull er metið í ró og næði.

JÓN & ÓSKAR

PIPAR\TBWA • SÍA • 121816

www.jonogoskar.is Sími 5524910 / Laugavegi 61 / Kringlan / Smáralind

FUNDURINN Í GÆR Ráðherrarnir sitja fyrir svörum. Frá vinstri eru þarna Helle Thorning Schmidt, Jyrki Katainen, Espen Barth Eide, Fredrik Reinfeldt og Jóhanna Sigurðardóttir. MYND/NORDEN.ORG

Frændur sjá um loftvarnir

Ríki utan NATO sinna loftrýmisgæslu í fyrsta sinn. Eining innan ríkisstjórnar segir forsætisráðherra. Tímaskekkja, segir formaður utanríkismálanefndar.

FRÉTTASKÝRING

Hver annast loftvarnir Íslands?

Svíar og Finnar munu frá og með apríl 2014 sinna sérstakri norrænni loftrýmisgæslu yfir Íslandi. Þetta var ákveðið á fundi forsætisráðherra Norðurlandanna á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki í gær.

„Þetta er mjög spennandi verkefni sem við bindum miklar vonir við," sagði Espen Barth Eide, utanríkisráðherra Noregs, sem sat fundinn í fjarveru Jens Stoltenberg. Barth Eide sagði að það sem væri nýtt í þessu samhengi væri að Norðurlöndin kæmu sameiginlega að lausn á vanda við varnir Íslands.

„Finnland hefur upplýst íslensk stjórnvöld um að við séum tilbúin. Þetta krefst samþykkis NATO og samþykkis finnska þingsins þegar við höfum nánari upplýsingar um hvað felst í loftrýmisgæslunni. Það eru ýmis álitaefni sem koma upp," sagði Jyrki Katainen, forsætisráðherra Finnlands. Katainen og Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svía, voru ekki á einu máli um hvort herþoturnar yrðu vopnaðar eða án vopna.

JYRKI KATAINEN

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var ánægð með niðurstöðuna. „Það þarf auðvitað samráð við NATO en ég á ekki von á andstöðu við áformin þar." Hún sagði aðspurð að eining væri í ríkisstjórninni um málið. Engar athugasemdir hafi verið gerðar þegar áformin voru rædd í ríkisstjórn fyrr á þessu ári. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, gagnrýndi hins vegar loftrýmisæfingarnar í fréttum RÚV í gær og kallaði þær tímaskekkju frá dögum kalda stríðsins.

thorbjorn@365.is

Hugmyndin var Stoltenbergs eldri

Hugmyndin að baki samnorrænni loftrýmisgæslu á Íslandi var fyrst sett fram í skýrslu Thorvalds Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, frá 2009. Þar er jafnframt lagt til að Norðurlöndin gefi út sérstaka yfirlýsingu um varnarmálastefnu um hvernig þau muni bregðast við ef annað norrænt ríki verður fyrir þrýstingi eða árás.

Flækjustigið hátt hjá NATO

Þar sem Svíþjóð og Finnland eru ekki NATO-ríki telst þátttaka þeirra ekki vera hluti af loftrýmisgæslu NATO á Íslandi heldur sjálfstæðar vaktir en undir merkjum Noregs, sem sinnir gæslunni frá janúar-mars 2014. Samkvæmt upplýsingum blaðsins eru ýmis óleyst álitaefni. Ef rússnesk flugvél flýgur til Íslands á meðan Finnar og Svíar standa vaktina mega þeirra þotur ekki fljúga til móts við hina rússnesku vél til auðkenningar. Ástæðan er sú að þegar það gerist færist aðgerðin undir NATO Component Air Operation Centre (CAOC) á Jótlandi. Þar sem þetta eru ekki þotur frá NATO-ríkjum hafa þær ekki heimild til samskipta við CAOC. Fyrirhugað loftrýmiseftirlit hefur því flækt málin hjá NATO en þetta er í fyrsta sinn sem samstarfsþjóðir taka þátt í gæslu af þessu tagi á vettvangi NATO-ríkis á friðartímum.

Nýjasta **skutlan**

WOW air hefur tekið í notkun glæsilega **Airbus A320** flugvél, árgerð 2012. Nýjustu, sparneytnustu og umhverfisvænustu þotu íslenska flugflotans. Ekki nóg með það – þrjár til viðbótar eru á leiðinni!

Við bjóðum alltaf breiðasta brosið og lægsta verðið í flugi til og frá Íslandi. **Bókaðu ferð strax í dag á WOW verði.**

Vél að **merkja!**

Þú gætir unnið flug fyrir tvo með WOW air í heilt ár!

Taktu þátt í samkeppni um að merkja nýju **Airbus A320** vélarnar okkar. Nánari upplýsingar og fylgiskjöl má finna á **wow.is**. Skilafrestur er til **1. desember 2012**. Sigurvegarinn **flýgur frítt með WOW air í eitt ár** ásamt gesti. Þrjár aðrar hugmyndir verða verðlaunaðar með **flugmiða fyrir tvo**.

Brandenburg

WOW.IS – WOW air · Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Þjónustuver 590 3000.

FRÉTTASKÝRING: McKinsey fjallar um stöðu Íslands og leiðir til aukinnar velsældar

Langtímaáætlun fyrir efnahagslífið

McKinsey&Company hefur undanfarna sex mánuði unnið skýrslu um leið Íslands til aukins hagvaxtar sem var kynnt í gær. Skýrslan er unnin að frumkvæði McKinsey og fjármögnuð af fyrirtækinu. Hún endurspeglar því óháð mat fyrirtækisins sem hefur áður gert sambærilegar skýrslur um Danmörku, Svíþjóð og Finnland.
Við gerð skýrslunnar var tekin meðvituð ákvörðun um að fjalla ekki um ákveðin pólitísk deiluefni, á borð við það hvort Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið eða taka upp evru.
Þess í stað er einblínt á að greina íslenskt efnahagslíf eins og það er í dag, hvar möguleikar þess til framþróunar liggja og til hvaða aðgerða þurfi að grípa svo að þeir möguleikar geti nýst til að auka velsæld á Íslandi.

ÞARF AÐ RJÚFA VÍTAHRING Svein Harald Øygard, fyrrverandi seðlabankastjóri og framkvæmdastjóri hjá McKinsey, var einn þeirra sem kynntu skýrsluna í gær. Hann sagði Íslendinga þurfa að rjúfa vítahring sem sé innbyggður í efnahagslíf landsins eins og er. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Helstu áskoranir íslensks hagkerfis

Í fyrsta hluta skýrslu McKinsey, sem fjallar um þær áskoranir sem blasa við íslensku efnahagslífi, kemur fram að raunvöxtur á Íslandi hafi verið lægri síðastliðin 30 ár en í nágrannalöndum okkar. Ein af ástæðum þess sé að söguleg tilhneiging hafi verið til þess að elta efnahagslegan vöxt í einni grein í einu. Fyrst var það sjávarútvegur á níunda áratugnum, síðan orkuiðnaður inn á þeim tíunda og loks fjármálageirinn eftir aldamót. Ísland er, eins og landið var fyrir 30 árum, á meðal tuttugu ríkustu landa í heimi. Ísland hefur hins vegar fallið á þessum lista á meðan lönd sem lagt hafa fram langtímaáætlanir í efnahagsmálum hafa klifið hann. Þess vegna þurfi Ísland að gera slíka áætlun.

> Suður-Kóreumenn er eina þjóðin sem sögð er vinna meira en við. Hún er jafnframt sögð sú óhamingjusamasta.

Bent er á að á Íslandi hafi um langt skeið verið viðvarandi viðskiptahalli. Gegndarlausar lánveitingar inn í landið hafi hjálpað til að skapa hann. Eftir hrun hafi fall krónunnar og neyðarlögin snúið honum við en haldi neysla áfram að aukast hérlendis stefni hagkerfið aftur í sama farið. Svein Harald Øygard, fyrrverandi seðlabankastjóri, var einn starfsmanna McKinsey sem kynnti skýrsluna. Í kynningu hans benti hann á að það sem Íslendinga vantaði fyrst og fremst væri fleiri útflutningsgeirar og meiri erlend fjárfesting. Hér væri til að mynda mun minni fjárfesting en í öðrum löndum sem hefðu gengið í gegnum efnahagsþrengingar á undanförnum árum.
Klemens Hjartar, sem starfar hjá McKinsey og vann að gerð skýrslunnar, sagði að landsframleiðsla Íslendinga væri eins há og hún er vegna þess að Íslendingar hefðu alltaf unnið mjög mikið. Við byrjum snemma að vinna, hættum seint á lífsleiðinni og atvinnuþátttaka kvenna er meiri en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Eina þjóðin sem ynni meira en við væru Suður-Kóreumenn, sem væru líka óhamingjusamasta þjóð í heimi.
Framleiðni vinnuafls væri hins vegar um 20 prósentum lægri hér á landi en í helstu nágrannalöndum okkar. Að sögn Klemens myndi landsframleiðsla okkar vera á pari við landsframleiðslu Grikklands ef við ynnum jafn mikið og íbúar í samanburðarlöndum gera að meðaltali.
Staðan væri einfaldlega sú að allt of stór hluti af fjármagninu sem við notum í efnahagslíf okkar skilaði ekki nægilega miklum arði til baka. Svein Harald bætti við að mikil vinna væri ekki alltaf svarið. Við þyrftum mun fremur að vinna betur (e. „Hard work is not always the answer. You need to work smarter“).

Þar sem vaxtartækifærin liggja

Í skýrslunni er fjallað um hvar vaxtatækifæri íslensks efnahagslífs liggja og reynt að greina hvort sóknarfæri séu í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Þar segir að litlir vaxtamöguleikar séu í sjávarútvegi, enda sé framlegð af þeirri auðlind afbragðs góð. Íslendingar fái til að mynda 2,3 evrur fyrir hvert kíló af seldum fisk en Norðmenn fá 1,7 evrur fyrir sama magn. Norðmenn hafa hins vegar tvöfaldað framleiðni sína í sjávarútvegi á undanförnum árum með fiskeldi, en framlegð þeirrar greinar er um 20 prósent. Talið er að fiskeldið muni skila Norðmönnum tekjum upp á hálfa íslenska landsframleiðslu á þessu ári.

> Framleiðni á starfsmann í orkuiðnaði á Íslandi er 42 milljónum króna. Í Noregi er hún 81 milljón króna, eða tvisvar sinnum meiri.

McKinsey telur þó vaxtamöguleika vera bæði í ferðamanna- og orkuiðnaði. Framlag ferðamannaiðnaðar til landsframleiðslu á Íslandi er mun hærra en í nágrannalöndum okkar. Áherslan virðist þó fyrst og fremst vera á að auka fjölda ferðamanna í stað þess að auka virði þeirra. Við þessu þurfi að bregðast með fjárfestingu, samvinnu og langtímaáætlunargerð í geiranum. Þá gæti iðnaðurinn skilað okkur meiri tekjum.
Í skýrslunni er bent á að Íslendingar selji orkuna allt of ódýrt. Fyrir hvern starfsmann sem starfar í orkuiðnaðinum hafi framleiðni á árinu 2010 numið 42 milljónum króna. Í Noregi er sú framleiðni 81 milljón króna, eða tvisvar sinnum meiri. McKinsey bendir á að þegar séu virkjaðar um 17 TWs hérlendis og að rammaáætlun geri ráð fyrir að hægt verði að virkja um 17 TWs til viðbótar. Skýrsluhöfundar leggja mikla áherslu á að sú orka verði seld fyrir meira fé en sú sem við framleiðum nú þegar. Þeir benda meðal annars á að það sé líklegra til að skila betra verði að stækka þau álver sem þegar eru til staðar frekar en að byggja ný, selja orku til fleiri geira en áliðnaðarins til að fá hærra verð og dreifa áhættu og að gríðarlega arðbært gæti orðið að leggja sæstreng til Bretlands eða Hollands. Í skýrslunni er tekið dæmi af því að Bretar ætli sér að byggja gríðarlegt magn af vindmyllum til að sjá sér fyrir orku fyrir árið 2020. Kostnaður við hverja MWs í því ferli er áætlaður 115 evrur. Skýrsluhöfundar benda á að Íslendingar geti framleitt slíkt magn fyrir minna en 30 evrur og kostnaður við lagningu sæstrengs yrði aðrar 30 evrur á hverja MWs. Munurinn á framleiðslu- og flutningskostnaði miðað við áætlanir Breta væri 55 evrur sem væri ábati sem myndi skiptast á milli landanna. Þarna væru gríðarleg sóknarfæri.
Að lokum er bent á að Íslendingar séu mun líklegri til þess að vera einungis með grunnskólapróf en íbúar nágrannalanda okkar. Sérfræðingarnir sem kynntu skýrsluna sögðu þessar niðurstöður hafa komið þeim í opna skjöldu. Við þessu þyrfti að bregðast til að auka hlutfall þeirra sem byggju yfir einhvers konar sérkunnáttu í íslensku vinnuafli.

Samsetning íslensks efnahagslífs

Skýrsluhöfundar skiptu íslensku efnahagslífi upp í þrennt: innlenda, auðlinda- og alþjóðlega geirann.
Klemens sagði að Íslendingar notuðu of mikið vinnuafl í framleiðslu innanlands. Margt af því sem framleitt er hérlendis gætum við fengið mun ódýrara í öðrum löndum. Alls kyns verndartollar, gjöld og innflutningsskattar gera hagræðingu í þessum anga hagkerfisins erfiðari en ella.

> Það þarf til dæmis 3,4 starfsmenn í íslenskri verslun til að selja jafn mikið og einn í sænskri.

Að mati McKinsey væri hægt að reka íslenskt efnahagslíf á 13.200 færri einstaklingum en nú er gert. Í skýrslunni er fjallað sérstaklega um tvo geira, smásölu- og fjármálageirann. Þar er bent á að á Íslandi séu mun fleiri fermetrar að meðaltali notaðir undir smásölu en í nágrannalöndum okkar, verslanir hér séu að meðaltali mun stærri en sala á hvern starfsmann mun minni. Það þarf til dæmis 3,4 starfsmenn í íslenskri verslun til að selja jafn mikið og einn í sænskri.
Íslenski fjármálageirinn er sá minnsti á Norðurlöndunum þegar hann er reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu. Samt sem áður starfa 10,3 starfsmenn innan hans á hverja þúsund íbúa landsins. Meðaltalið á hinum Norðurlöndunum er 4,8 starfsmenn á hverja þúsund íbúa. Á Íslandi eru 360 bankaútibú á hverja milljón íbúa á meðan að þau eru 246 hjá nágrönnum okkar. Með öðrum orðum þá er geirinn allt of stór. Í skýrslu McKinsey kemur fram að þetta leiði til mun hærri vaxta hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Á Íslandi voru þeir 3,4-4,6 prósent í fyrra en hjá stærstu bönkunum á hinum Norðurlöndunum voru þeir 0,8-2,3 prósent.

Stefnt að þjóðarsátt um langtímaáætlun

Í lok skýrslunnar er dregið saman til hvaða aðgerða þarf að grípa til að auka hagsæld á Íslandi. Eins og staðan er í dag þá er innlendi geirinn 45 prósent af landsframleiðslu, auðlindageirinn 45 prósent og alþjóðlegi geirinn 10 prósent. Í niðurstöðum McKinsey er lögð áhersla á að sá alþjóðlegi þurfi að stækka.

> Skipaður verði samstarfsvettvangur þar sem 10-15 manns myndu móta langtímastefnu íslensks efnahags.

Í innlenda geiranum, sem er að mestu þjónustugeiri, þarf að auka samkeppni, einfalda tollaumhverfi og fjarlægja viðskiptahindranir. Ísland þarf að laða að erlenda fjárfestingu og stuðla að stærðarhagræðingu í iðnaði án þess að búa til samkeppnishamlandi aðstæður. Þá þarf að hagræða í opinbera geiranum.
Í auðlindageiranum þarf Ísland að auka framleiðni í orkuiðnaðinum, þ.e. hann þarf að skila meiri arðsemi. Standa þarf vörð um sjávarútvegsgeirann og kerfið sem hann hvílir á og þróa hann áfram. Í ferðamannaiðnaðinum þarf að einblína mun frekar á virði en fjölda.
Til að styðja við og stækka alþjóðlega geirann þarf að styðja við starfsumhverfi alþjóðlegra fyrirtækja með því að búa þeim stöðugt starfsumhverfi, auka gæði vinnuafls með aukinni sérhæfingu og betri menntun og með því að auka aðgengi fyrirtækja, sem teljast til þessa geira, að fjármagni.
Til að ná þessum markmiðum leggur McKinsey til að það verði skipaður einhvers konar samstarfsvettvangur þar sem 10-15 manns, úr stjórnmálunum, frá aðilum vinnumarkaðarins og atvinnulífinu, myndu móta langtímastefnu íslensks efnahags. Í kjölfarið væri hægt að stefna að nýrri þjóðarsátt.

Steingrímur J. Sigfússon - VG

„Það er oft sagt að glöggt sé gests augað, þannig að það er alltaf gott að fá utanaðkomandi skoðun og greiningu á hlutunum. Þegar kemur að því að vinna úr niðurstöðunum sem þarna eru, koma hins vegar til mörg pólitísk álitamál. Skýrslan er fyrst og fremst jákvætt innlegg og mikilvægt að menn taki á móti henni með uppbyggilegu hugarfari og forðast það að fara í skotagrafirnar, því að þarna er að finna margs konar gagnlegan efnivið.“

Gylfi Arnbjörnsson - ASÍ

„Þetta er forvitnileg greining og jákvætt innlegg og margt þarna sem við hljótum að skoða. ASÍ hefur kallað eftir því að við snúum bökum saman til að ná tökum á ástandinu. Þessi skýrsla er mögulega ágætis grunnur að þess háttar samstarfi og vonandi verður hægt að sameinast um framtíðarsýn um aukinn hagvöxt og fjölgun starfa.“

Vilhjálmur Egilsson - SA

„Niðurstöðurnar eru í grundvallaratriðum réttar, að mínu mati og ég tel að þetta sé mjög þarft innlegg í umræðu um efnahags- og atvinnumál hér á landi. Ég vildi gjarna sjá að menn tækju þessar ábendingar alvarlega og við hjá SA erum að sjálfsögðu tilbúin að taka þátt í hverri þeirri vinnu sem menn vilja leggja í til að komast áfram.“

Katrín Júlíusdóttir - S

„Svona greining er alltaf til bóta fyrir okkur sem vinnum að stefnumótun og ákvarðanatöku og sýnir það sem vel hefur verið gert og hvað má fleira gera. Skýrslan er mjög gott yfirlit yfir stöðuna og sýnir til dæmis hvað skiptir miklu máli að við opnum okkar hagkerfi á nýjan leik. Það væri mjög spennandi ef okkur tækist að vinna þverpólitískt að þéttu vaxtaplani inn í nánustu framtíð þar sem allt væri undir. Ef það tekst höfum við gert Íslandi mikinn greiða.“

Eygló Harðardóttir - B

„Það er alltaf áhugavert að fá utanaðkomandi til að skoða það sem við höfum verið að gera og hvert við getum stefnt í framtíðinni. Þarna eru margar góðar ábendingar, til dæmis varðandi menntakerfið og verðmætasköpun á vinnumarkaði, sem ég vildi skoða betur og þá í samstarfi við aðra stjórnmálaflokka.“

Pétur Blöndal - D

„Það sem ég les í þessa skýrslu er að Íslendingar þurfa að taka sér tak í að auka samkeppni og opna landið. Flestir ættu að geta fallist á markmiðin sem þarna koma fram og þau ættu að geta átt upp á pallborðið hjá þingmönnum. Þingið vinnur enda miklu meira saman en fólki gæti sýnst af fréttum.“ - þj

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu



ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERSLA Á ÍSLANDI

Þú skýst og kaupir kuldagalla á barnið í búð þar sem 32 vinna og þar af fimm sem greiða æfingagjöld hjá sama íþróttafélagi og þú þannig að yngri flokkarnir hafi efni á að halda þjálfaranum svo uppbyggingarstarfið verði áfram jafn árangursríkt og undanfarin ár.

Þú heldur hagkerfinu gangandi.

ENNEMM / SIA / NM53604

skoðun

greinar@frettabladid.is

Formlegt samstarf Norðurlanda í sextíu ár:

Lifi prentsmiðjudanskan!

Á þessu ári eru liðin sextíu ár frá því að samþykkt var að setja Norðurlandaráð á laggirnar. Systurþjóðirnar í Skandinavíu eru vissulega margfalt stærri en við. Engu að síður er hver og ein Norðurlandaþjóð aðeins smáþjóð í alþjóðlegu samhengi. Þegar þjóðirnar leggja saman ná þær hins vegar meiri vigt. Það hefur sýnt sig í fjölmörgu alþjóðlegu samstarfi.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Norrænt samstarf hefur greitt Íslendingum leið í nám á öðrum Norðurlöndum og einnig inn á vinnumarkað landanna. Tilnefningar íslenskra listamanna til bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs hafa komið þeim á kortið hjá grannþjóðunum.

Norrænt samstarf á ýmsum öðrum sviðum, svo sem meðal matreiðslumanna og hönnuða, hefur reynst frjór akur. Þar er unnið með sameiginlegar rætur og þungavigtin út á við verður meiri en ef hvert og eitt land sækti eitt fram.

Sóknarfærin í norrænu samstarfi eru mörg eins og Jan-Erik Enestam, framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, benti á í viðtali við Sigríði Björgu Tómasdóttur sem birtist hér í blaðinu á mánudag. Hann nefndi sem dæmi utanríkisþjónustu með sameiningu sendiráða og heilbrigðismál þar sem ná mætti fram sparnaði með aukinni verkaskiptingu milli landa.

Mestu skiptir þó sú sýn á grunnstoðir samfélagsins og velferðarmál sem norrænu þjóðirnar deila og stendur traustum fótum í sameiginlegri fortíð og menningu.

Lengst af kom ekki annað til greina en Norðurlandaþjóðir ættu samskipti á norrænum tungum en með mikilli sókn enskunnar á Norðurlöndum og minnkandi áhuga og kunnáttu í sænsku meðal Finna hefur enskan sótt í sig veðrið. Á þingum Norðurlandaráðs er hún þó ekki notuð heldur tala Danir, Svíar og Norðmenn móðurmál sitt en Finnar og Íslendingar eiga þess kost að fá túlkaþjónustu.

Norrænu tungumálin eru skyld og það er tiltölulega auðvelt að ná góðum tökum á að minnsta kosti einu þeirra, auk móðurmálsins. Sameiginlegar rætur þjóðanna liggja meðal annars í skyldleika málanna og þess vegna er það ósk margra að Norðurlandamálin megi áfram vera samskiptamálið á norrænum vettvangi. Nokkuð er um liðið síðan enskan var tekin fram fyrir dönskuna í málanámi grunnskólabarna hér. Danskan heldur þó enn velli enda er það svo að hvergi eru fleiri Íslendingar við nám erlendis en í Danmörku. Þeir fjölmörgu Íslendingar sem hafa flutt til Danmerkur, og raunar annarra Norðurlanda einnig, geta vitnað um að skóladanskan reynist ágætur grunnur að því að tileinka sér hvaða Norðurlandamál sem er.

Engu að síður er umhugsunarefni hvort ekki ætti að leggja aukna áherslu á að þjálfa skilning á öllum Norðurlandamálunum í dönskukennslu hér á landi, meðal annars til að styrkja stoðir Norðurlandamálanna í norrænum samskiptum. Á sama tíma mætti draga úr framburðarþjálfun og leyfa gömlu góðu prentsmiðjudönskuna. Talþjálfun yrði mörgum auðveldari með þeim hætti auk þess sem prentsmiðjudanskan svokallaða er líklega það Norðurlandamál sem flestir skilja og kemur því að góðu gagni í norrænu samstarfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Átta ár

Ríkisendurskoðun hefur haft kaup stjórnvalda á Oracle-bókhaldskerfinu til athugunar í átta ár, sem frægt er orðið. Skýrslu um málið var loksins skilað í gær. Og hver er niðurstaðan? Jú, áætlanagerð fyrir kaupin var ábótavant. Og: „Ríkisendurskoðun beinir því til stjórnvalda að standa framvegis betur að málum við kaup og innleiðingu hugbúnaðar." Þessum átta árum sannarlega var vel varið.

Kenning fyrir lítið

Á dögunum var bent á það á þessum vettvangi að það færi vel á því að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sækti um starf dagskrárstjóra á RÚV, svo að Páll Magnússon gæti endurgoldið henni ráðninguna í útvarpsstjórastöðuna á sínum tíma. Nú er búið að birta lista yfir umsækjendur en Þorgerður Katrín er ekki á honum. Þar fór góð kenning í súginn. Reyndar er Egill Helgason ekki heldur á honum, ólíkt því sem var síðast, eins og hann bendir sjálfur á í bloggfærslu.

Alls konar umsækjendur

En hverjir eru á listanum? Meðal þeirra sem vilja stýra útvarpsdagskránni eru látúnsbarkinn Bjarni Arason, Berghildur Erla Bernharðsdóttir, fyrrverandi fréttakona og upplýsingafulltrúi, Arnþór Helgason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins, leikstjórinn Viðar Eggertsson, leikarinn Randver Þorláksson og dagskrárgerðarkonan Margrét Marteinsdóttir – sem hlýtur að teljast líkleg til afreka. Sjónvarpsmegin má nefna leikkonuna Eddu Björgvinsdóttur, sjónvarpsmanninn Þorstein Joð Vilhjálmsson, kvikmyndagúrúinn Ásgrím Sverrisson og Skarphéðin Guðmundsson, dagskrárstjóra Stöðvar 2.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Betri bankar

Fjármál

Már Wolfgang Mixa
fjármálafræðingur

Í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag leggur Huginn Freyr Þorsteinsson, aðstoðarmaður atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, til í grein sinni að festa í lög forgang sparifjáreiganda í fjármálastofnunum. Þetta eru góð rök í sjálfu sér því þannig er kröfuhöfum ljóst að sparifjáreigendur njóta forgangs komi til gjaldþrots banka. Í framhaldi af þessu er lagt til að afnema ríkisábyrgð innstæðna. Rök því tengd og önnur rök sem hann leggur fram ganga þó ekki upp.

Huginn segir að sparifjáreigendur séu með forgangi krafna í raun tryggðir; slíkt þarf ekki nauðsynlega að vera fyrir hendi enda gæti stofnun að einhverju leyti fjármögnuð með innlánum hæglega tapað meira fé en þeim innstæðum sem eru fyrir hendi. Hann telur að lánveitendur vandi sig betur við lánveitingar til fjármálastofnana ef innstæðueigendur njóta forgangs. Ekkert í fjármálasögunni gefur slíkt til kynna.

Miðað við hið litla hlutfall sparifjár Íslendinga í efnahagsreikningi bankanna má spyrja hversu mikið vægi hugsanleg forgangsröðun þeirra hefði haft þegar lánveitingar til banka áttu sér stað. Að lokum segir hann að sparifjáreigendur verði að vanda val sitt á fjármálastofnunum. Hér er skautað fram hjá því hversu langsótt það er að sparifjáreigendur hafi nauðsynlega þekkingu til að vega og meta hversu stöndugir bankar eru hverju sinni. Slæm staða íslensku bankanna var flestum starfsmönnum þeirra hulin fram að 8. október 2008. Það sem meira er, einungis orðrómur um slæma afkomu banka gæti valdið áhlaupi, eins og gerðist í bankahruninu 1907 í Bandaríkjunum, og valdið gjaldþroti. Óttar Guðjónsson bendir samdægurs í Fréttablaðinu einmitt á að lausafjárþurrð fjármagns sé algengasta orsök gjaldþrota fjármálafyrirtækja.

Að mati Hugins er erfitt að aðskilja viðskiptabankastarfsemi frá fjárfestingabankastarfsemi en hugmyndir hans geti hugsanlega leyst þau vandamál. Það er rangt í báðum tilvikum. Betri kostur er að bankar borgi árlegt tryggingarfé í ríkissjóð sem hlutfall af innstæðum vegna þeirra trygginga sem viðskiptabankar ættu að njóta, sem eðlilega leiðir til lægri vaxtakjara innstæðueigenda, og aðskilja starfsemi þeirra frá fjárfestingarbönkum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Þjóðin er stjórnarskrárgjafi – ekki ráðgjafi

Ný stjórnarskrá

Björg Thorarensen
prófessor í lagadeild HÍ og sat í stjórnlaganefnd

Stjórnskipun Íslands byggist á þeirri grunnhugmynd vestrænna lýðræðisríkja að uppspretta alls ríkisvalds kom frá þjóðinni. Í því felst að þjóðin hefur endanlegt vald til að ákveða þær leikreglur sem handhafar ríkisvalds skulu fylgja. Með öðrum orðum; þjóðin er stjórnarskrárgjafinn.

Þjóðin setti lýðveldisstjórnarskrána

Þessi hornsteinn lýðveldisins var lagður við setningu stjórnarskrárinnar árið 1944. Samkvæmt 81. gr. var skilyrði gildistökunnar að meirihluti allra kjósenda í landinu hefði samþykkt hana. Yfir 98% kjósenda tóku þátt í atkvæðagreiðslunni og um 95% þeirra samþykktu stjórnarskrána. Í þessu fólst hvorki leiðbeining né ráðgjöf. Þar beitti þjóðin valdi sínu sem stjórnarskrárgjafi. Með því samþykkti hún einnig að viðhalda sérstakri tilhögun um stjórnarskrárbreytingar þaðan í frá, sbr. 1. mgr. 79. gr. hennar. Samþykki Alþingi breytingar á stjórnarskrá skal rjúfa þing og halda alþingiskosningar og þarf nýkjörið þing að staðfesta frumvarpið óbreytt.

Krafan um vandaða málsmeðferð

Öll lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á grunnstoðinni um uppsprettu valdsins. Gilda jafnan reglur um setningarhátt og síðari breytingar á stjórnarskrá sem tryggja vandaða málsmeðferð og gera breytingar örðugri en á almennum lögum. Þær stuðla að samhljómi og sátt milli þjóðarinnar og þjóðkjörinna fulltrúa um kjölfestu stjórnskipulagsins. Spornað er við því að stjórnarskrárbreytingar stjórnist af dægursveiflum um pólitísk deiluefni og naumum sitjandi þingmeirihluta á hverjum tíma eða minnihluta kjósenda í háværum þrýstihópum, sem reiða sig á þögn meirihlutans.

Íslenska aðferðin við stjórnarskrárbreytingar um samþykki tveggja þinga og kosningar á milli á sér ýmsar hliðstæður. Í dönsku stjórnarskránni er sambærileg regla en auk þess skulu stjórnskipunarlög, eftir samþykkt tveggja þinga, sett í þjóðaratkvæði þar sem a.m.k. 50% kjósenda þurfa að taka þátt og þarf samþykki minnst 40% allra kjósenda á kjörskrá. Víða eru einnig sérreglur um setningu nýrrar stjórnarskrár, t.d. aukinn meirihluta þingmanna eða þjóðin þurfi að samþykkja hana með bindandi hætti og settir eru þröskuldar um lágmarksþátttöku eða hlutfall kjósenda sem þarf að veita samþykki sitt. Frumvarpið fær þá ýtarlega efnislega umfjöllun þjóðþings en að því búnu er afraksturinn lagður í dóm þjóðarinnar, til samþykktar eða synjunar.

Ókostir ráðgefandi atkvæðagreiðslu

Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla getur verið góð leið til að leita afstöðu þjóðarinnar um skýr og afmörkuð álitaefni. Á slíkum atkvæðagreiðslum eru þó þeir vankantar að stjórnskipuleg skylda hvílir á þingkjörnum fulltrúum að fylgja eingöngu sannfæringu sinni en ekki fyrirmælum frá kjósendum. Reglan á þá rökréttu skýringu að þingmenn skuli starfa í þágu þjóðarinnar allrar en ekki fylgja fyrirmælum, hugsanlega frá sjónarhóli þröngra sérhagsmuna. Það getur skapað pólitískan þrýsting á þingmenn að fylgja niðurstöðu ráðgefandi atkvæðagreiðslu ef útbreiddur stuðningur er við tiltekið mál, enda eiga þeir endurkjör sitt undir kjósendum. Ef þátttaka er lítil eða mjótt á munum er niðurstaðan hins vegar útsett fyrir mismunandi túlkun stjórnmálaafla, ekki síst hvaða ályktun eigi að draga um afstöðu þeirra sem sátu heima. Málið flækist enn ef spurning lýtur að margþættu málefni sem gefur svigrúm til túlkunar.

Í Evrópuríkjum þar sem þjóðin kýs um nýja stjórnarskrá er niðurstaða atkvæðagreiðslu ávallt lagalega bindandi lokaorð. Reyndar eru ráðgefandi atkvæðagreiðslur óþekktar í ríkjum sem lengst hafa náð í þróun beins lýðræðis.

Endurskoðunarferli án hliðstæðu

Fyrir tveimur árum hófst hér ferli við endurskoðun stjórnarskrárinnar með einstæðri aðferð. Leitað var eftir breiðu samráði við þjóðina um viðhorf til stjórnarskrárinnar. Í júlí 2011 skilaði stjórnlagaráð Alþingi tillögum sínum að nýrri stjórnarskrá. Bæði pólitískur vilji og ríkur þjóðarvilji er til að ljúka verkinu. Ríflega þriðjungur kjósenda og jafnframt 2/3 þeirra sem þátt tóku í ráðgefandi atkvæðagreiðslunni 20. október töldu að breytingaferlið skyldi halda áfram og tillögur stjórnlagaráðs teknar til meðferðar á Alþingi eins og að var stefnt í upphafi. Þá voru afdráttarlaus svör kjósenda við sértækum spurningum, þar sem markmiðin eru skýr en svigrúm er um leiðir til að ná þeim.

Næstu skref

Nú kemur til kasta Alþingis að hefja meðferð frumvarps um stjórnarskrárbreytingar þar sem tillögur stjórnlagaráðs eru mikilvægt leiðarljós. Staðhæfingar um að þingið megi engar efnislegar breytingar gera eru rangar og ganga þvert á grunnhugsun stjórnskipunarinnar. Hitt er víst að enginn ágreiningur er um marga veigamikla þætti í tillögunum sem fela í sér löngu tímabærar stjórnarskrárumbætur. Tvennt kemur til greina um framhaldið. Í ljósi þess stutta tíma sem er fram undan hefur komið til tals að skipta verkefninu í smærri áfanga. Taka mætti fyrst til meðferðar þætti sem sátt er um og brýnast að bæta úr, en líka þá sem sérstaklega var spurt um 20. október. Það gæti verið skynsamlegri leið en að færast of mikið í fang og hætta á að enginn árangur yrði af þessari miklu og fordæmalausu vegferð í endurskoðun stjórnarskrár.

Ef stefnan er sett á nýja stjórnarskrá er verkefnið vandmeðfarnara. Verður ekki varist þeirri hugsun hversu illa Alþingi nýtti tímann fyrir svo mikilvægt mál undanliðið ár þar sem tillögur stjórnlagaráðs lágu ósnertar á borði þingnefndar. Það vekur ugg um að málið fái ekki þá vönduðu meðferð sem það verðskuldar með sáttavilja en verði þröngvað í gegn með naumum meirihluta stjórnarþingmanna.

Þjóðin hefur valdið

Í áliti meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar síðasta vor sagði að gildistaka nýrrar stjórnarskrár yrði háð endanlegri staðfestingu og samþykki þjóðarinnar að aflokinni síðari samþykkt Alþingis skv. 79. gr. Því markmiði verður aðeins náð með því að setja í frumvarp til nýrrar stjórnarskrár ákvæði sem bindur gildistöku hennar þessu skilyrði eftir að hún hefur verið samþykkt af tveimur þingum. Þá ber að fylgja stefnunni sem mörkuð var við lýðveldisstofnun að meirihluti kjósenda í landinu þurfi að samþykkja hana. Þannig eru kjósendur hvattir til að taka afstöðu og með upplýstu samþykki þeirra verður stjórnarskráin sett í breiðri sátt.

Af málflutningi forsætisráðherra verður þó ráðið að ekki eigi að efna þessi fyrirheit. Rætt er um að halda aðra ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða alþingiskosningum. Í stað þess að leita samkomulags á þingi, ljúka meðferð frumvarps á tveimur þingum og leggja síðan endanlega í dóm þjóðarinnar, eiga almenn viðhorf kjósenda með þá skoðun að stjórnarskrárbreytinga sé þörf að skapa pólitískan þrýsting fyrir síðari afgreiðslu frumvarpsins. Þannig á að knýja þingmenn, sem telja að frumvarpið hafi alvarlega ágalla eða sé þjóðinni ekki til heilla, til að víkja frá sannfæringu sinni.

Atkvæðagreiðsla sem hefur aðeins það markmið að leita ráðgjafar frá kjósendum sviptir þjóðina réttinum til að eiga lokaorðið um nýja stjórnarskrá og yrði mikil afturför. Því er Alþingi bæði rétt og skylt að búa svo um hnútana að réttur þjóðarinnar sem hins endanlega stjórnarskrárgjafa verði tryggður.

Loksins Kastljós!

Samfélagsmál

Pétur Gunnarsson
rithöfundur

Umfjöllun Kastljóss um Raufarhöfn miðvikudaginn 24. október sl. sætti tíðindum. Stórtíðindum. Vandkvæði þessa bæjarfélags höfðu farið inn um annað eyrað og út hitt í umræðu undanfarinna daga. En nú brá svo við að sjónvarpið sendi frétta- og tökumann á vettvang til að hafa tal af bæjarbúum í eigin persónu og leiða okkur hinum staðhætti fyrir sjónir. Og sú sjón var stúdíósögu ríkari. Fyrrum stöndugt bæjarfélag hafði með viti firrtum fjármálagerningi glutað frá sér bjargarmeðulunum og í kjölfarið misst frá sér fjórðung íbúanna. Eins og Reykjavík í smámynd.

Það var eitthvað ofurraunsætt við þessa umfjöllun, við erum svo vön því að landsbyggðin sé utan sjónvarpsgeislans, því þótt Landinn hafi stóraukið upplifun okkar af þjóðinni þá er það fólk í sparifötunum og flíkar ekki vandkvæðum sínum á sunnudegi. Þetta var í miðri viku. Og svona ætti að vera hvert einasta kvöld. Að leyfa sjónvarpsgeislanum að nema allt landið, sem er áreiðanlega nauðsynlegur þáttur í að halda öllu landinu í byggð.

Mér kæmi jafnvel ekki á óvart þótt byrjað hafi að rofa til á Raufarhöfn í kjölfarið, að fyrirtæki og félagasamtök hafi séð þar tækifæri til að eignast orlofshús, listamenn vinnuaðstöðu og einstaklingar sumarathvarf.

Já, hver veit nema að í þessu Kastljósi felist leiðsögn fyrir Ísland allt: að byrjun á lausn hvers vanda felist í að sjá hann?

Skötuselur og „Gælugrjót“

Nýsköpun

Stefán Þór Helgason
verkefnastjóri hjá Innovit

Allt fram á seinni hluta síðustu aldar þótti sjómönnum vont að fá skötusel í net sín. Flestir landsmenn fúlsuðu við þessum ljóta fiski og yfirleitt var honum hent. Skötuselurinn er vissulega með ljótari fiskum sem veiðast við Íslandsstrendur en smátt og smátt tókst fólki að líta fram hjá því og í dag er skötuselur borinn fram á fínni veitingahúsum bæjarins sem herramannsmatur.

Eitt þekktasta dæmið á veraldarvísu um það hvernig viðhorf getur breytt virði hluta er sennilega ævintýrið um „Gælugrjótið“ eða „Pet Rock“ sem gerðist á áttunda áratug síðustu aldar. Þar var á ferðinni Gary nokkur Dahl, amerískur markaðsmaður og yfirmaður á auglýsingastofu. Dahl þessi sat á spjalli við félaga sína eitt aprílkvöldið árið 1975 þegar talið barst að því hversu mikið umstang fylgdi því að eiga gæludýr. Dahl nefndi í hálfkæringi að auðveldast væri hreinlega að eiga grjót fyrir gæludýr – því þyrfti ekkert að sinna og uppihald þess kostaði ekki neitt. Stuttu seinna ákvað Dahl að setja hefðbundið fjörugrjót í gjafaöskjur ásamt umhirðuleiðbeiningum í gamansömum tón og á fáeinum mánuðum tókst Dahl að selja yfir eina og hálfa milljón „Gælugrjót“. Þar með var hann orðinn milljónamæringur á því að selja grjót í gjafaöskjum!

Það er öllum hollt að taka Dahl sér til fyrirmyndar og skoða tækifærin sem felast í verðlitlum hversdagslegum hlutum allt í kringum okkur. Um þessar mundir gefst framhaldsskólanemum gott tækifæri til þess því nú stendur yfir hugmyndasamkeppni þeirra á meðal sem gengur einmitt út á þetta: Að gera sem mest virði úr verðlitlum hlutum. Innovit nýsköpunar- og frumkvöðlasetur hefur fengið hátæknifyrirtækið Marel og Samtök atvinnulífsins með sér í lið en saman standa þessir aðilar að Snilldarlausnum Marel – hugmyndasamkeppni framhaldsskólanema. Fyrir utan ánægjuna af því að skapa eru bestu hugmyndirnar verðlaunaðar með peningaupphæðum sem vonandi verða þessum ungu frumkvöðlum grundvöllur til frekari dáða. Á heimasíðu keppninnar, Snilldarlausnir.is, má fræðast frekar um hana. Hagsæld Íslands næstu áratugi byggir á nýsköpun og frjórri hugsun ungs fólks og því er ekki seinna vænna en að hefjast handa strax í dag.

Afborgun á mánuði aðeins:
25.910 kr.*

Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans. Reiknaðu dæmið á landsbankinn.is

Chevrolet Lacetti Station

Söluverð:	1.800.000 kr.
Bílafjármögnun:	1.350.000 kr.
Okkar hlutur:	210.000 kr.
Þín útborgun:	240.000 kr.
Heildarverð til þín:	**1.590.000 kr.**
Afborgun:	**25.910 kr.**

*Hlutfallskostnaður 11.92%

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Það borgar sig að versla á Íslandi

Viðskipti

Margrét Kristmannsdóttir
formaður SVÞ

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu efna þessa dagana til átaks þar sem mikilvægi verslunar og þjónustu í íslensku efnahagslífi er undirstrikað. Með því viljum við vekja athygli á því veigamikla hlutverki sem atvinnugreinin hefur að gegna og sýna fram á að öflug verslun og þjónusta bætir lífskjör þjóðarinnar í heild. Undir yfirskriftinni „Það borgar sig að versla á Íslandi“ vörpum við ljósi á að neytendur og fyrirtæki eru hluti af sömu keðjunni og hvernig einstaklingarnir geta haft áhrif á vöxt og viðgang hagkerfisins með því að beina viðskiptum sínum til íslenskra fyrirtækja í sem ríkustum mæli.

Sem neytendur tökum við daglega mikilvægar ákvarðanir með því hvert við beinum viðskiptum okkar.

Kauphegðun okkar hefur mikið að segja um vöxt og viðgang einstakra fyrirtækja og jafnvel þróun heillar atvinnugreinar og því skiptir máli hvar við verslum. Það er eitt megin baráttumál SVÞ að íslensk verslunarfyrirtæki búi við samkeppnishæft starfsumhverfi – búi við sanngjarnan samanburð. Sú barátta mun halda áfram enda eigum við enn mjög langt í land með að ná því markmiði.

Við verslun og þjónustu starfa um 45.000 manns sem daglega leggja mikið á sig til að svara kröfum íslenskra neytenda. Með því átaki sem nú stendur yfir ætlum við okkur að gera þessa mikilvægu atvinnugrein enn öflugri þannig að hún geti í framtíðinni veitt enn fleiri atvinnu og skilað enn meiri tekjum inn í þjóðarbúið.

Inn á miðjuna

Stjórnmál

Magnús Orri Schram
alþingismaður

Ég tel að Samfylkingin eigi að leggja meiri áherslu á alþjóðaviðskipti, einfaldara skattkerfi, eflingu samkeppni og frjálsræði í viðskiptum, og þannig færast nær kjósendum á miðju íslenskra stjórnmála. Við erum flokkurinn sem hefur raunsæjar lausnir fyrir nútímafólk. Við erum flokkur hins nýja atvinnulífs sem krefst opinna markaða, afnáms einokunar og hindrana í viðskiptum. Atvinnulífs sem opnar leiðir fyrir frumkvöðla t.d. í gegnum skattkerfi eða innan landbúnaðar eða sjávarútvegs. Atvinnulífs sem byggir á hugviti og menntun einstaklinga og skilur mikilvægi umhverfisverndar og náttúru fyrir verðmætasköpun.

Með auknum áherslum í þessa veru verður Samfylkingin vænlegur valkostur kjósenda á miðju íslenskra stjórnmála sem er umhugað um öflugt atvinnulíf til jafns við sterkt velferðarkerfi. Til þessa fólks eigum við að ná með stefnu okkar í landbúnaðarmálum, sjávarútvegsmálum, Evrópumálum, skattastefnu okkar, mennta- og atvinnustefnu.

Þekkingarmiðað atvinnulíf

Flokkurinn hefur sýnt að honum er vel treystandi fyrir ríkisfjármálunum, að hann hafni einangrunarstefnu, og að hann sé eini flokkurinn með stefnu í myntmálum þjóðarinnar. Um leið eigum við að leggja áherslu á þekkingarmiðað atvinnulíf, jafnvægi milli umhverfisverndar og virkjana, innleiðingu skattalegra hvata gagnvart atvinnulífinu og á eflingu samkeppnishæfni landsins. Samfylking er alþjóðasinnaður miðjuflokkur þar sem við teljum að jafnvæginu á milli ríkisforsjár og einkaframtaks sé hægt að ná í gegnum áherslu á velferðarkerfi og verðmætasköpun.

Valkostur miðjunnar

Verði Samfylkingin í forsæti næstu ríkisstjórnar er mikilvægt að halda áfram að gæta að þeim verst stöddu í okkar samfélagi. Forsendur verðmætasköpunar liggja í velferðinni. Þá á flokkurinn að fylgja eftir nauðsynlegu aðhaldi í ríkisútgjöldum, gæta að hófsemi í skattlagningu og réttlátri skiptingu arðs af auðlindum. Stefna ber að endurskoðun landbúnaðarkerfisins, halda áfram aðildarviðræðum við Evrópusambandið og freista þess að gefa þjóðinni valkost í myntmálum. Þannig á Samfylkingin að birtast sem valkostur þeirra sem hafna einangrun en vilja byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og losa heimilin undan oki verðtryggingar og hárra vaxta. Samfylkingin ber því ríka ábyrgð sem valkostur kjósenda á miðju íslenskra stjórnmála.

Við erum ekki ein

Fjármál

Huginn Freyr Þorsteinsson
aðstoðarmaður atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

Í leiðara Fréttablaðsins sl. föstudag svarar Þórður Snær Júlíusson grein minni Fjármálakerfi á eigin fótum. Þar lýsir Þórður þeim áhyggjum að sú leið, sem ég legg þar til, að festa forgang innstæðueiganda í lög sé leið til einangrunar Íslands frá hinum alþjóðlega fjármálaheimi. Í leiðaranum segir m.a.: „Hvort sem fólki líkar það betur eða verr þá er Ísland hluti af hinum alþjóðlega fjármálaheimi. Ef Ísland ákveður, eitt landa, að forgangstryggja innstæður mun það einfaldlega leiða til þess að lánakjör íslenskra fjármálastofnana á erlendu lánsfjármagni verður dýrara.“ Þórður spáir því að verði fjármálakerfið á Íslandi eitt látið standa á eigin fótum með þeim hætti, sem ég legg til, sé hætta á að við dæmum okkur sjálf til skógargöngu með tilheyrandi fórnarkostnaði fyrir íslenskt efnahagslíf.

Einhver kann að yppa öxlum yfir þessum áhyggjum og segja að það sé fremur ágætt að vera utan þessa kerfis hvort sem er – betra sé að forðast leiðina til glötunar þó það kosti að vera einn. Það var þó ekki ásetningur minn enda snerist hugleiðing mín um að benda á þá staðreynd að alls staðar í Evrópu er umræða um framtíðarskipan fjármálakerfisins.

Að hluta til hefur sú umræða snúist um fullkomna uppskrift að því hvernig hægt er að aðskilja viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingabankastarfsemi m.a. í viðamiklum skýrslum sem kenndar eru við Vickers og svo Liikanen. Var þetta m.a. umfjöllunarefni í leiðara ritstjóra Fréttablaðsins á dögunum.

Með grein minni vildi ég benda á að það kunni að vera til önnur lausn en aðskilnaður. Hún sé að tryggja forgang innstæðueiganda sem tryggi svipuð markmið án karps um hvers konar aðskilnaður á að eiga sér stað. Til viðbótar hefur hún þann kost umfram aðskilnaðarleiðina að takmarka betur áhættusækni og taka af allan vafa um að engin ríkisábyrgð sé á innstæðum.

Þar sem stjórnmálamenn Evrópu hafa ekki fundið lendingu í framtíðarskipan fjármálakerfisins á þessi hugmynd alveg eins við þar og hér á landi. Raunar hefur Steingrímur J. Sigfússon þegar komið henni á framfæri á þeim vettvangi með grein í Financial Times eins og Þórður bendir á.

Það er nauðsynlegt að sem flestar hugmyndir komi fram um framtíðarskipan fjármálakerfisins. Í Evrópu bendir margt til þess að bankarnir ætli að sitja ástandið af sér í þægilegu skjóli ríkisábyrgðar og að eina breytingin sem verði á kerfinu sé að hækka þær upphæðir sem innstæðueigendur geta fengið úr tryggingarsjóðum við fall banka. Sú niðurstaða er hins vegar óásættanleg enda viðheldur hún kerfi sem hefur blásið út á ábyrgð skattgreiðanda en ekki bankanna sjálfra. Verði það endanleg niðurstaða þyrftu, að mínu mati, öll ríki Evrópu að bókfæra innstæður í ríkisbókhald sitt sem mögulega skuldbindingu enda standa tryggingarsjóðir ekki undir falli banka. Slíkt myndu ríki Evrópu ekki þola og því myndi blekkingarleikur tryggingarkerfanna halda áfram. Alls kyns herðingar á eftirliti breyta engu þar um því kerfið þarf að stokka upp frá grunni.

Að lokum má spyrja: Ef Evrópa fer þá leið að viðhalda óbreyttu ástandi og að fjármálakerfið hafi áfram „dulda“ ríkisábyrgð ætti Ísland að taka þátt í því til þess að vera samkeppnishæft á sviði fjármálastarfsemi? Mitt svar er nei enda eru, eins og Þórður segir með svo skýrum hætti í grein sinni, „líkast til allir sammála um að það verði að finna leiðir til að afnema ríkisábyrgð á bankakerfinu“ þannig að fjármálakerfi standi á eigin fótum. Hef ég áhyggjur af því að slík afstaða dæmi Ísland til einangrunar í hinu alþjóðlega samfélagi? Nei, vegna þess að við erum ekki ein um að glíma við þennan vanda heldur ógnar stefnuleysi í þessum efnum lífskjörum heillar heimsálfu. Og það sem veldur óróleika er hversu skammt á veg stjórnmálamenn álfunnar og aðrir eru í að þróa vitræna leið fyrir fjármálakerfi framtíðarinnar til að standa á eigin fótum.

Af hverju er MORFÍs ekki sjónvarpað?

Keppnir

Jórunn Þorsteinsdóttir
framhaldsskólanemi

Fyrir ári vissi ég ekkert hvað MORFÍs var og í raun og veru var mér alveg sama. Ég vissi að grunnskólinn minn tæki þátt í einhverju MORGON dóti en mér fannst það ekki skipta jafn miklu máli og þegar hann keppti við Hagaskóla í rökræðukeppni á hinum fræga Való-Hagó degi. Þegar ég var í 10. bekk ákvað ég að prufa mig áfram í þessu ræðustússi, komst í ræðuliðið og áttaði mig á hversu geðveikt það er að vera í Málfundafélagi og ræðuliði! Með þessum áhuga fór ég að horfa á nokkrar MORFÍs-keppnir á síðu sem heitir XTV og áhuginn varð meiri og meiri. Ég fór á úrslit MORFÍs í vor. Það var geðveikt að sjá skólana keppa um þennan mikla titil í Eldborg í Hörpunni og stemningin í stuðningsmönnunum var mögnuð. MORFÍs er frábær leið fyrir framhaldsskólanema að koma sér á framfæri og góður vettvangur til þess að vekja almenning til umhugsunar um ýmis málefni. Þið eruð eflaust að hugsa „Ókei, ég skil alveg að hún vilji að þessu sé sjónvarpað en er ekki alveg nóg að geta horft á þetta í tölvunni eða?“ En nei, í ár eru breyttir tímar. XTV er ekki lengur til staðar og þess vegna er eina leiðin til að horfa á keppnina að kaupa sér miða og mæta á staðinn. Til þess þarf maður annað hvort að vera í skólanum sem er að keppa eða með virkilega ástríðu fyrir ræðumennsku. En hvað með fólkið sem væri alveg til í að horfa á keppnina, finnst þetta snilld en er kannski ekki tilbúið til að keyra út á landsbyggð til að sjá næstu viðureign? Og hvað með fólkið sem nennir bara ekki út, vill bara hafa kósýkvöld með kókosbollum og stilla á Verzló–MR?

Það er auðvitað fáránlegt að aðeins tveimur af þremur stærstu framhaldsskólakeppnum á Íslandi sé sjónvarpað. Gettu betur og Söngvakeppni framhaldsskólanna eru auðvitað snilldarkeppnir en MORFÍs er það líka! Ég las á morfis.is að upphaf tíunda áratugarins hafi jafnan verið nefnt gullaldarár MORFÍs en þá naut keppnin gífurlegrar athygli almennings og má sem dæmi nefna að þegar keppt var til úrslita í MORFÍs var reglulega skipt þangað úr ástsælasta sjónvarpsþætti landans til langs tíma: „Á tali hjá Hemma Gunn.“ Liðsmenn þeirra liða sem langt náðu í keppninni voru landsfrægir og birtust m.a. í auglýsingum og sjónvarpsviðtölum. Já, gullaldarár MORFÍs voru þegar það var sýnt í sjónvarpinu.

Ímyndið ykkur Ísland þar sem allir vita hvað MORFÍs er. Þar sem allir bíða spenntir eftir næstu viðureign. Þar sem allar þrjár stærstu keppnir framhaldsskólanna fái sjónvarpsáhorf, en ekki bara tvær. Ímyndið ykkur Ísland þar sem allir vita hverjir MORFÍs-keppendurnir eru.

Ég veit ekki með ykkur, en það er land sem ég vil búa á.

markhonnun.is

nettó

Kræsingar & kostakjör

nýtt í nettó

HIMNESK HOLLUSTA

LÍFRÆNAR VÖRUR Á AFAR HAGSTÆÐU VERÐI!

Heilbrigð skynsemi

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Heilbrigðar tennur!

Heilbrigðismál

Margrét Júlía Rafnsdóttir
verkefnastjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna tillögum sem starfshópur velferðarráðherra hefur lagt fram um framtíðarfyrirkomulag tannlækninga barna sem gert er ráð fyrir að taki gildi um næstu áramót. Þar er gert ráð fyrir að greitt verði að fullu fyrir tannlækningar barna í áföngum. Þann 1. janúar 2018 verði tannlækningar allra barna þeim að kostnaðarlausu að frátöldu hóflegu komugjaldi.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur fullgilt eiga öll börn rétt á að njóta besta mögulega heilsufars sem hægt er að tryggja með læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Ekki má mismuna börnum hvað það varðar vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Mjög mikilvægt er að tannheilsa barna þurfi ekki að líða fyrir efnahag foreldra þeirra.

Fyrr á árinu stóðu Barnaheill fyrir málþingi um þá óheillaþróun sem átt hefur sér stað í tannheilsu íslenskra barna. Þar kom meðal annars fram að á aðeins 16 ára tímabili hefði Ísland farið úr því að vera í hópi tíu efstu þjóða meðal OECD-landa hvað tannheilsu 12 ára barna varðar, í það að vera í sjötta neðsta sæti. Mikill kostnaður við tannlækningar er meginástæða þessa. Samtökin skoruðu þá á stjórnvöld, tannlækna og samfélagið allt að leggjast á eitt til að bæta tannheilsu íslenskra barna og komu af stað undirskriftasöfnun. Tæplega sex þúsund undirskriftir söfnuðust og voru þær afhentar Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra þann 27. september sl.

Foreldrar bera meginábyrgð á að tryggja börnum sínum umönnun og vernd samkvæmt Barnasáttmálanum. Í því felst meðal annars skylda til að gæta þess að tennur séu hirtar og að koma í veg fyrir óhóflega sykurneyslu barna. Sykurneysla íslenskra barna í formi sælgætis og sætra drykkja er langt umfram það sem eðlilegt getur talist.

> Sykurneysla íslenskra barna í formi sælgætis og sætra drykkja er langt umfram það sem eðlilegt getur talist.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja mikla áherslu á að tillögur starfshóps velferðarráðherra fái brautargengi og þannig verði þeirri óheillaþróun sem átt hefur sér stað snúið við.

Það er á ábyrgð samfélagsins alls að stuðla að jafnræði þegar kemur að tannheilsu barna og að gera öllum börnum kleift að vera með heilbrigðar tennur.

Sátt um leikreglur

Rammaáætlun

Mörður Árnason
alþingismaður

Við höfum nú deilt um stóriðju, náttúruvernd og umhverfisspjöll í rúma fjóra áratugi í síðari hálfleik – miðað við að hinn fyrri hafi byrjað upp úr aldamótum með Milljónafélögunum og Sigríði í Brattholti.

Það er sannarlega kominn tími til að komast fram úr þessum illvígu deilum, ekki síst vegna þess að virkjanlegt vatnsafl og jarðvarmi er takmörkuð auðlind. Niðurstöður verkefnahóps um rammaáætlun sýna að aðeins er eftir að virkja um tvær og hálfa Kárahnjúkavirkjun þegar allt er talið. Við megum ekki spilla náttúrugæðum í fljótfærni – vegna þess að þau eru verðmæti í sjálfu sér, og vegna þess að þau eru grundvöllur annarra atvinnugreina en stóriðju. Við verðum líka að fá gott verð fyrir orkuna á 21. öld. Tímar kynningarbæklingsins „Cheapest Energy Prices“ eru liðnir.

Merkilegt mál með langt nafn – rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða – er nú til umræðu og afgreiðslu á Alþingi. Með samþykkt fyrstu ályktunarinnar um þetta verða straumhvörf í þessum viðkvæmu deilumálum. Landsvæðum þar sem hugsanlegt er að virkja verður skipt í þrjá flokka. Sum fara í verndarflokk sem merkir að það land verður helgað öðru en orkunýtingu, svo sem útivist og ferðamennsku. Önnur fara í orkunýtingarflokk, sem merkir að engin sérstök hindrun er í vegi fyrir virkjunarrannsóknum, leyfisumsóknum, umhverfismatsgerð o.s.frv. Enn önnur fara í biðflokk, þau sem ekki hafa verið rannsökuð nægilega eða menn vilja hinkra með að ákveða vegna „almannahagsmuna“ eins og segir í áliti frá iðnaðarnefnd þingsins vorið 2011.

Margir hafa að vonum fagnað rammaáætluninni sem merki nýrrar sáttar. Tímar umræðu og átaka um einstakar virkjanir eða náttúrusvæði eru hins vegar ekki liðnir. Slíkur ágreiningur verður ekki leystur með lögum og þingsályktunum, allra síst fyrir fram. Sú sátt sem næst með rammaáætlunarskipulaginu ef vel gengur er umfram allt sátt um leikreglur. Samkomulag um að taka ákvarðanir um dýrmæt náttúrugæði í ljósi allra bestu upplýsinga og með fulla yfirsýn um afleiðingarnar, bæði á staðnum sjálfum og úti um allt land.

Hávaði um biðtillögu

Í tillögunni sem nú liggur fyrir eru ein 67 landsvæði undir. Gert er ráð fyrir að 20 þeirra verði undanskilin orkunýtingu og vernduð með einhverjum hætti. Þetta eru merkileg svæði og fyrirhuguð verndun markar mikinn áfanga í sögu okkar með landinu: Þjórsárver tryggð, Torfajökulssvæðið, Gjástykki, Brennisteinsalda, Grendalur, Jökulsá á Fjöllum, Kerlingarfjöll… Áfram verða 16 kostir opnir fyrir virkjunarathugunum og -framkvæmdum, en í bið fer 31 landsvæði þar til allar upplýsingar liggja fyrir.

Frá stjórnarandstöðuflokkunum hefur verið mikill hávaði kringum þessa tillögu en í raun virðist helst deilt á samtals 6 virkjunarkosti af 67, á tveimur svæðum, í Þjórsá neðanverðri og á hálendinu austan Vatnajökuls, sem ætlunin er að fari í biðflokkinn meðan aflað er frekari upplýsinga. Fulltrúar gömlu sovésku stóriðjustefnunnar í Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki fullyrða að vondir pólitíkusar hafi sett puttana í faglega niðurstöðu, og hóta að snúa öllu við ef þeir komast í ríkisstjórn. Þó hefur það eitt gerst frá tillögu fagmannanna að þessir nokkrir kostir voru settir í biðflokk. Viðsnúningurinn hjá þeim getur þá varla falist í öðru en að fjölga enn í biðflokknum.

> Það er sannarlega kominn tími til að komast fram úr þessum illvígu deilum, ekki síst vegna þess að virkjanlegt vatnsafl og jarðvarmi er takmörkuð auðlind.

Ég hef verið tilnefndur framsögumaður þessa máls í umhverfis- og samgöngunefnd þingsins, og er ánægður með ábyrgð og traust sem í því felst. Þetta er eitt allra mikilvægasta þingmál kjörtímabilsins, og við verðum að vanda okkur við það – en sómi okkar liggur líka við að afgreiða áætlunina og koma á þeim nýju siðlegu vinnubrögðum í umgengni við landið okkar sem í henni felst. Við það verk þurfum við ekki síst að muna að við sem nú erum á dögum eigum ekki Ísland – heldur fengum það að láni frá foreldrum okkar, til að afhenda það börnum okkar, þannig að staðfærð séu fleyg orð sunnan frá Afríku um mannkynið og jörðina.

Hvernig verja menn sig gagnvart hugverkaþjófum?

Markaðsmál

Jón Þorvarðarson
stærðfræðingur og rithöfundur

Meðan Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, gegndi stöðu markaðsstjóra boðaði hún mig á fund í höfuðstöðvar bankans til kynna fyrir sér og markaðsdeild bankans hugmyndavinnu er nýst gæti til markaðssóknar. Á þeim fundi lagði ég m.a. til að þáverandi vígorði bankans, „Íslandsbanki 100%“, yrði skipt út fyrir hið hugmyndamiðaða vígorð „Reiknaðu með okkur“. Til að útskýra nánar hugmyndina bak við hið nýja vígorð lagði ég fram kynningarbækling sem ber yfirskriftina „Reiknaðu með okkur“ og fletti í gegnum hann, blaðsíðu fyrir blaðsíðu, með fundarmönnum. Eftir að Birna Einarsdóttir og hennar nánasta samstarfsfólk hafði rannsakað hugmyndir mínar ofan í kjölinn í heilan mánuð kvað hún upp úr að bankinn kysi að halda sig til hlés að sinni.

Um mitt árið 2011 tekur Fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka upp nafnið Ergo og fylgdi nafnabreytingunni úr hlaði með mjög kröftugri markaðsherferð undir vígorðinu „Reiknaðu með okkur“. Vígorðið hafði nákvæmlega sömu skírskotun og ég hafði lagt áherslu á þegar hugmyndavinna mín var kynnt fyrir Birnu Einarsdóttur. Til þessarar markaðsherferðar var stofnað, án alls vafa í mínum huga, með því að opna hugmyndapakka minn upp á gátt og gjörnýta innsta kjarna hans í þágu Ergo.

Þar sem um augljósan hugmyndastuld var að ræða að mínu mati setti ég mig í samband við Birnu Einarsdóttur og krafðist þess að bankinn leiðrétti sinn hlut gagnvart mér. Sú leiðrétting hefur ekki enn séð dagsins ljós enda Birna upptekin við að þvo hendur sínar af ósómanum. Og með samstilltu átaki Jóns Hannesar Karlssonar, framkvæmdastjóra Ergo, og Hólmfríðar Einarsdóttur, núverandi markaðsstjóra, átti að sjá til þess að hvorki félli blettur né hrukka á Birnu Einarsdóttur í þessu máli.

Í viðtölum hefur Birna borið fyrir sig minnisleysi þegar hugverk mitt hefur borið á góma. Sem helgast helst af því að þegar hún gegndi stöðu markaðsstjóra þá stóðu menn í biðröðum fyrir utan bankann og vildu ólmir selja bankanum upp-

> Mistök mín fólust í því að treysta orðum manna og það skyldi enginn gera í mínum sporum!

skriftir að markaðsherferðum. Og Birna hafði bara ekki undan að taka við hugmyndum, fékk víst 5-10 uppskriftir á viku að eigin sögn. En óvart missti hún út úr sér í sama viðtali að ég hefði matreitt ofan í hana markaðshugmyndir á sínum tíma. Svo að eina stundina er hún marghrjáð af minnisleysi en aðra stundina bregst minnið henni ekki.

Birna telur líka að það skipti máli að bankinn hafi skipt um auglýsingastofu í millitíðinni! Hverju breytir það varðandi hugverkakynningu mína innan bankans? Og hvers vegna skiptir það máli þegar vitað er að markaðsdeild bankans og auglýsingastofan búa hvort eð er í sömu blokk ef svo má að orði komast?

Auk þess hefur Birna haldið því á lofti að hún hafi enga aðkomu að markaðsherferðum og lætur í það skína að markaðsdeildin sé henni nánast óviðkomandi. Og hún, fyrrverandi markaðsstjórinn, heldur því fram að hún sé ekkert „inni í“ málum markaðsdeildarinnar. En á sama tíma keppist hún við á bankaþingum að lofa markaðsdeild bankans fyrir markaðsherferð Ergo!

Málflutningur Birnu Einarsdóttur hefur verið fráleitur í alla staði. Það segir sig auðvitað sjálft að þegar bankastjóri hefur fengið rækilega kynningu á sértæku markaðshugverki þá getur markaðsskúta bankans ekki veitt hugverkið í net sitt og síðan borið þann skjöld fyrir sig að bankastjórinn hafi ekki staðið á dekki þegar trollið var híft inn! Og hver ber annars ábyrgð á þeim verkum sem hrint er í framkvæmd með vitund og vilja bankastjórans? Það skyldi þó ekki vera Birna sjálf?

Menningarmálaráðuneytið í Danmörku hefur orðið þess áskynja að hugverkasmiðir eru tregir til að kynna hugmyndir sínar innan fyrirtækja af ótta við að hugverki þeirra verði stolið. Lagagreinar þar í landi leggja blátt bann við því að fyrirtæki geti í heimildarleysi nýtt sér hugmyndavinnu sem hefur verið kynnt innan fyrirtækisins. Til að koma í veg fyrir að óprúttnir aðilar geti stolið hugverkum annarra hefur ráðuneytið danska hvatt hugverkasmiði til að treysta varnir sínar gagnvart mögulegum hugmyndaþjófum. Lagt er til að hugverkasmiðir, sem vilja koma hugmyndum sínum á framfæri, láti viðkomandi fyrirtæki skrifa undir yfirlýsingu um algjöran trúnað og leynd. Auk þess er mælst til þess að hugverkasmiðir leiti til lögmanns sem staðfestir með dagsetningu og undirskrift hver sé höfundur umrædds hugverks. Mistök mín fólust í því að treysta orðum manna og það skyldi enginn gera í mínum sporum!

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

ÁST Í KRUKKU

Heimagert góðgæti er dýrindis tækifærisgjöf. Kaupið fallega krukku og fyllið hana með smákökum, konfekti, biscotti eða öðru góðgæti. Bindið fallega slaufu um hana miðja og gleðjið ykkar nánustu. Krukkan er svo eigulegur gripur þegar innihaldið er búið.

Nú er farið að kólna og allra veðra von

Uppháu herrakuldaskórnir komnir aftur.
Þeir eru úr leðri og fóðraðir með lambsgæru.
Litir: svart og brúnt, stærðir: 40 - 48

Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.

Línurnar í lag!
Ný sending af aðhaldsundirfatnaði
bolir - buxur - mitti - kjólar -
pils-leggings...
Selena
Suðurlandsbraut 50 • Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is

TÆKIFÆRISGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum

iittala
15% afsláttur
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari>

Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara

FRÁBÆRT VERÐ
„Það kostar aðeins 2.800 krónur á mann að skella sér á villibráðarhlaðborð á Sjávarbarnum," segir Magnús I. Magnússon veitingamaður.

MYND/VALLI

ÍSLENSK VILLIBRÁÐ Á SJÁVARBARNUM

SJÁVARBARINN KYNNIR *Villibráðarhlaðborð verður í öndvegi á Sjávarbarnum við Grandagarð út nóvembermánuð – heimilislegt og létt fyrir pyngjuna með áherslu á villibráð sem tengist sjónum.*

Sjávarbarinn við Grandagarð 9 býður upp á fleira gott en fisk þessa dagana. Íslensk villibráð verður í öndvegi á staðnum fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöld út nóvember. „Þetta er heimilislegt og svolítið nýstárlegt hlaðborð, ekki síst úr villibráð sem tengist sjónum, og á miklu lægra verði en gengur og gerist, aðeins 2.800 krónur á mann," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. Á hlaðborðinu er meðal annars villibráðarsúpa, lax, gæs, hreindýr, svartfugl, selur og hrefna í ýmsum útgáfum með fjölbreyttu meðlæti.

„Við leggjum mikla áherslu á að hráefnið sé fyrsta flokks og fáum mikið af því beint frá bónda," segir Magnús Ingi. „Hreindýrakjötið er til dæmis frá Snæfelli fyrir austan og selinn fáum við hjá Hafsteini bónda í Flatey á Breiðafirði." Það er ekki algengt að selur sé á boðstólum í íslenskum veitingahúsum en Magnús Ingi ólst upp við að borða hann þegar hann var í sveit í Flatey sem unglingur. „Mér, eins og mörgum öðrum, þykir selurinn algjört lostæti og ég hef gaman af því að elda hann. Það er líka skemmtilegt að leika sér með hvalkjötið, við erum með það hrátt, grafið, í lasanja og svo bjóðum við upp á hrefnusteikur með piparsósu. Í bland er svo hefðbundnari villibráð eins og gæs og hreindýrabollur."

Allar nánari upplýsingar um hlaðborðið og réttina á því er að finna á vef Sjávarbarsins, Sjavarbarinn.is. Einstaklingar jafnt sem hópar eru velkomnir. Vissara er að panta borð tímanlega í síma 517-3131 en það er þó ekki nauðsynlegt.

Hið hefðbundna sjávarréttahlaðborð er á sínum stað mánudags- til miðvikudagskvöld og í hádeginu alla virka daga.

SELUR
Hafsteinn bóndi í Flatey á Breiðafirði veiðir og verkar selinn fyrir villibráðarhlaðborð Sjávarbarsins.
MYND/VALLI

KitchenAid Professional

KitchenAid® Professional hrærivél
fyrir veitingahús og mötuneyti með 6,9
lítra stálskál og 1,3 hestafla mótor.
Fjöldi aukahluta fáanlegur.

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is, s 512 5432
Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is s. 512-5427

ANDSPÆNIS SORG

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA KYNNA: *Á hverju ári fá tólf ára börn í Reykjavíkurprófastsdæmum boð um heimsókn í Fossvogskirkju.*

Hefurðu hugsað um sorgina? Hvers vegna eru legsteinar á gröfum látinna? Hvernig eigum við ganga um kirkjugarða?

Þessum og fleiri spurningum er velt upp í árlegri heimsókn tólf ára barna í Fossvogskirkju sem er samstarfsverkefni Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) og grunnskólanna í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesi.

„Fyrsta heimsóknin var veturinn 1998 þegar KGRP buðu 7. bekkjum grunnskóla á þjónustusvæði sínu að koma í heimsókn í Fossvogskirkju," útskýrir Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri KGRP.

Í aðdraganda heimsóknanna hafði vinnuhópur komið saman hjá Kirkjugörðunum og samið námsefni fyrir kennara og nemendur.

„Í undirbúningsnefnd voru skólastjóri, barnasálfræðingur og prestur. Þeir höfðu að leiðarljósi að undirbúa nemendur fyrir það óhjákvæmilega og oft óvænta í lífinu; að missa nákominn ástvin, afa og ömmu, pabba eða mömmu, systkin, vini, skólafélaga og fleiri," upplýsir Þórsteinn.

Kennsla á verkefninu Heimsókn í Fossvogskirkju fer fram í skólunum og endar með heimsókn í Fossvogskirkju þar sem nemendum er sýnd kvikmyndin Frá vöggu til grafar.

„Í heimsókninni tölum við saman um námsefnið og sýnum litskyggnur úr daglega lífinu. Í kór kirkjunnar er opin kista og duftker sem börnin fá að skoða og spyrja okkur um allt sem þeim dettur í hug," segir Þórsteinn sem tekur vel á móti börnunum í Fossvogskirkju.

Heimsóknin hefst klukkan níu að morgni og tekur um klukkustund.

„Nú er genginn í garð fimmtándi veturinn sem við tökum á móti grunnskólanemendum og þau skipta þúsundum sem hafa komið. Þeim mætti þó fjölga enn frekar og fleiri skólar nýta sér tilboð okkar," segir Þórsteinn.

Ferlið er þannig að skólastjórar fá bréf frá KGRP þar sem boðið er í heimsókn í nóvember og desember, og svo janúar og febrúar á nýju ári. Þess er gætt að heimsókn sé ávallt í góðu samráði við foreldra og forráðamenn nemenda.

„Skólarnir panta tíma og fá sent til sín kennarahefti og námshefti handa nemendum. Námsefnið er tilvalið fyrir kennslustundir í lífsleikni og góður undirbúningur fyrir lífið," segir Þórsteinn.

KGRP sér um kostnað við námsefni og móttöku í Fossvogskirkju en skólarnir sjá sjálfir um flutning barnanna.

„Að heimsókn lokinni geta kennarar sent inn viðbrögð við heimsókninni á vefslóð KGRP og með því reynt að aðlaga og bæta námsefnið og móttöku barnanna í kirkjunni," segir Þórsteinn.

HLÝJAR MÓTTÖKUR Þær Helga Þóra Jónsdóttir, Erla Pálmadóttir og Berglind Jóhannsdóttir taka á móti 7. bekkingum í Fossvogskirkju. MYND/STEFÁN

FOSSVOGSKIRKJA Í kirkjunni horfa nemendur á fræðslumynd og skoða opna líkkistu og duftker. MYND/VILHELM

STÓLAR OG KJÓLAR

BASICPLUS KYNNIR *Tískuvöruverslunin Basicplus í Mosfellsbæ hefur nýlega tekið upp þá nýjung að selja hvíldarstóla. Rakel Sigurhansdóttir segir þetta fara vel saman.*

Tískuvöruverslunin Basicplus selur ekki einungis dömufatnað og fylgihluti heldur líka hvíldarstóla. „Þessir stólar hafa lengi verið til sölu í húsgagnaversluninni Valhúsgögn en nú hefur þeirri verslun verið lokað. Maðurinn minn var að reka Valhúsgögn og við vildum halda áfram að selja þessa stóla þar sem viðskiptavinir Valhúsgagna hafa borið þeim góða sögu," segir Rakel Sigurhansdóttir, eigandi Basicplus. „Þetta eru nettir hvíldarstólar sem eru fáanlegir í leðri og áklæði, með innbyggðum skemlum eða lausum skemli fyrir framan. Þeir eru fáanlegir rafstýrðir þannig að þeir eru góðir fyrir þá sem eiga erfitt með að standa upp. Þeir lyfta undir fólk og henta því bæði eldra fólki og þeim sem hafa lent í slysum."

Rakel segir það passa mjög vel saman að bjóða upp á fatnað og stóla í sömu verslunninni. „Við erum með stórt húsnæði sem við vildum nýta og fólk hefur verið mjög hrifið af þessari hugmynd hjá okkur. Við erum með fatnað fyrir konur á öllum aldri og í öllum stærðum og fyrir öll tækifæri. Einnig bjóðum við upp á skó, töskur og fylgihluti. Og núna hvíldarstóla. Þannig að núna kemur daman og kaupir kjól og herrann velur stól," segir Rakel og hlær dátt.

ALLT TIL ALLS Rakel Sigurhansdóttir er eigandi Basicplus þar sem sala á kvenfatnaði og húsgögnum er sameinuð í einu rými. MYND/STEFÁN

FYRIRTÆKJAGJAFIR

MIÐVIKUDAGUR **31. OKTÓBER 2012**

Kynningarblað Gjafakort, matargjafir, gjafavara, leynivinir og uppákomur.

ÍSLENSK HÖNNUN Í PAKKANN

Íslenskir vöruhönnuðir eru ótrúlega frjóir allan ársins hring en margir koma einmitt fram með nýjar vörur í kringum jólin. Það er hrikalega smart að gefa starfsmönnum íslenska hönnun; hvort sem um er að ræða nytjahluti eða skraut. Um leið er hægt að styrkja íslenska framleiðslu sem fæstir hafa á móti.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 5125427
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Einstakar vörur fyrir sælkera

Kokkarnir bjóða upp á mikið úrval af gjafakörfum sem eru bæði staðlaðar og hægt að sérpanta. Þeir laga mikið af vörunum sjálfir en körfurnar eru troðfullar af alls kyns sælkeravörum og eitthvað fyrir alla í þeim.

Kokkarnir veisluþjónusta bjóða upp á níu stærðir af gjafakörfum. „Þetta eru sælkerakörfur og við lögum mikið af matvælunum í þeim sjálfir. Við gerum allar sósurnar og mest allt af meðlætinu. Svo erum við í samstarfi við ítalskan mann sem býr hér á landi um að gera allar pylsur fyrir okkur," segir Rúnar Gíslason, yfirmatreiðslumaður hjá Kokkunum.

„Við erum bæði með tilbúnar körfur og svo getur fólk sérvalið vörur í þær. Meðal þess sem leynist í sælkerakörfunum frá okkur og við gerum sjálfir er villibráðarpaté, cumberlandsósa, rauðlaukssulta, sem er ný vara hjá okkur í ár, valhnetuhunang og salami með rósapipar en við erum þeir einu sem notum þessar salami í körfurnar. Þetta er einungis brot af því sem við erum að bjóða og þetta eru vörur sem fólk fær ekki annars staðar."

Verðið á körfunum frá Kokkunum er á breiðu bili, frá 4.000 krónum og allt upp í 30.000. „Þegar komið er upp í stóru körfurnar er þetta orðinn mikill lúxus. Í þeim er yfirleitt eitthvað vín og mikið af sælkeravörum svo sem gæsalifur, andalifur, hamborgarhryggur, hangikjöt, fjórir til fimm erlendir ostar, súkkulaði, parmaskinka, reyktur lax og blínis. Í þessum körfum er í raun allt úrvalið frá okkur í mjög vönduðum umbúðum," segir Rúnar.

Kokkarnir hafa boðið upp á sælkerakörfur frá árinu 2003 og eru því orðnir nokkuð reynslumiklir í þessari þjónustu. „Þetta hefur verið mjög vinsælt í gegnum árin enda sniðug gjöf þar sem allir geta fundið eitthvað sem þeim líkar í körfunum. Auðvitað hafa komið sveiflur í þessu eins og öðru eftir að hrunið varð. Fólk hefur haldið áfram að kaupa körfurnar en hefur ef til vill aðeins slakað á lúxusnum enda var hann orðinn gríðarlegur á tímabili. Í dag hafa gæðin í raun aukist en verðið er almennt lægra."

Kokkarnir eru til húsa að Funahöfða 7. Frekari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.kokkarnir.is, í síma 5114466 eða gegnum tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is.

Rúnar Gíslason yfirmatreiðslumaður hjá Kokkunum segir gjafakörfu frá fyrirtækinu vera góða og girnilega gjöf. MYND/ANTON

Glaðningur í leyni

Aðventan er misannasamur tími á vinnustöðum. Álagið getur aukist margfalt þessar vikur og vinnudagurinn lengst meira en góðu hófi gegnir. Því ættu starfsmenn að leggjast á eitt við að gera aðventuna notalega. Leynivinur í vinnunni er stórsniðugur leikur til að brjóta upp strangan dag.

Leynivinaleikurinn fer þannig fram að nöfn allra starfsmanna í deildinni eru skrifuð á miða og þeir brotnir vel saman ofan í krukku. Hver starfsmaður dregur eitt nafn og er þar með orðinn leynivinur viðkomandi. Hlutverk leynivinarins er að gleðja vin sinn á einhvern hátt á hverjum degi fram að jólum án þess að vinurinn átti sig á hver er að verki.

Glaðningurinn þarf ekki að felast í gjöfum heldur má koma á óvart með skemmtilegum uppákomum. Síðasta vinnudag fyrir jól er svo ljóstrað upp um hver var leynivinur hvers og fagnað á kaffistofunni.

Glaðningurinn þarf ekki að vera gjöf. Skemmtilegar uppákomur koma einnig á óvart. NORDICPHOTOS/GETTY

Nokkrar tillögur að glaðningi frá leynivini:

- Mættu snemma og skreyttu skrifborð vinarins svo blikkandi seríur bíði hans þegar hann mætir í vinnuna.
- Taktu að þér verkefni sem vinurinn er með á sinni könnu og skilaðu því tilbúnu á borðið að morgni.
- Komdu með heitt súkkulaði á brúsa að heiman og láttu rjúkandi kakóbolla með rjóma bíða vinarins eftir fund.
- Sendu vininum jólakveðju í útvarpinu og fáðu óskalag með.
- Bakaðu smákökur og feldu þær í skúffu eða skáp vinarins.
- Semdu við yfirmanninn og fáðu frí fyrir vininn eftir hádegið.

Jólin í Turninum

Jólakettirnir flytja ljúfa jólatóna fyrir gesti

Njóttu aðventunnar í hæstu hæðum og hátíðlegu umhverfi. Leyfðu ljósaskreytingum borgarinnar að heilla þig á meðan meistara-kokkar leika við bragðlaukana undir ljúfum jólatónum.

Borðapantanir í síma 575-7500 eða pantanir@veisluturninn.is

Forréttir

- Úrval af heimalöguðum síldarréttum
- Reykt hunangsskinka með trönuberjasultu
- Skelfiskterrine með sinnepskremi
- Birkireykt bleikja með piparrótarkremi
- Hreindýraterrine með blönduðum berjum og pekanhnetum
- Tvíreykt hrefnufillet með rauðlaukssultu
- Nautatunga með rauðrófum og piparrótarkremi

Aðalréttir

- Smjörsteikt kalkúnabringa með brasseruðum sætum kartöflum, kalkúnafyllingu og kastaníuhnetum
- Villikryddað lambalæri með rauðvínssósu
- Léttreykt grísalæri á beini með sætum sinnepsgljáa og rauðrófusalati með pekanhnetum og fetaosti
- Svínapurusteik með kanilkrydduðu brúnkáli
- Hangikjöt með heimalöguðu rauðkáli, laufabrauði og uppstúfi

Eftirréttir

- Heit amerísk súkkulaðikaka með þeyttum rjóma og gljáðum berjum
- Hátíðar crème brulée
- Kanileplakaka með karamellusósu
- Súkkulaði- og appelsínufrauð með hnetubakstri
- Ris à l'amande með kirsuberjasósu

Gjafabréf
Nítjándu
Góð gjöf við
öll tækifæri

nítjánda. veisluturninn

Sími 575-7500 - pantanir@veisluturninn.is

Áhersla á góða hönnun

Gjafafélagið Valfoss sérhæfir sig í vönduðum vörum frá þekktum framleiðendum þar sem áreiðanleiki og fyrsta flokks hönnun er í fyrirrúmi.

Við höfum sérhæft okkur í gjöfum til fyrirtækja til margra ára og bjóðum mikið úrval af íslenskri og erlendri hönnunarvöru," segir Eva Rós Jóhannsdóttir, eigandi Gjafafélagsins Valfoss.

Meðal vörumerkja sem Valfoss býður upp á eru Rosendahl, Erik Bagger, Eva Solo og Menu en Eva segir gjafir sem nýtast til heimilisins alltaf njóta vinsælda. „Við leggjum áherslu á að bjóða breitt úrval sem hentar í gjafir til starfsmanna og viðskiptavina fyrirtækja. Það bætast við nýjungar á hverju ári frá þeim aðilum sem við skiptum við. Til viðbótar höfum við boðið upp á fjölbreyttar matargjafir þar sem lögð er mikil áhersla á fyrsta flokks gæði og fjölbreytileika. Frá árinu 2008 höfum við einnig lagt áherslu á íslenska hönnunarvöru og fyrirtæki hafa í auknum mæli valið íslenska hönnun í jólapakkann til starfsmanna. Við pökkum öllu inn og sjáum um dreifingu og vöndum allan frágang. Þó að við pökkum inn mörg þúsund gjöfum fyrir jólin þá er lögð natni í hvern pakka," segir Eva.

Eva Rós Jóhannsdóttir, eigandi Gjafafélagsins Valfoss. MYND/STEFÁN

„Úrvalið hjá okkur er breitt svo að fyrirtæki geta alltaf fundið eitthvað sem hentar í hverju tilfelli. Auðvitað er misjafnt hjá innlendu aðilunum hversu mikinn lager viðkomandi hefur en við höfum aldrei lent í vandræðum. Það er alltaf gott að fyrirtæki gangi sem fyrst frá pöntunum en gott er að vera búin að ganga frá vali á jólagjöfunum fyrir 20. nóvember."
Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu fyrirtækisins: www.valfoss.is eða í síma 5528400.

ENNEMM / SÍA / NM54459

Draumagjöfin
Gjafakort Smáralindar

Gjöf sem gleður

Gjafakort Smáralindar er glæsileg gjöf sem gleður alla aldurshópa og sparar fyrirtækinu þínu bæði tíma og fyrirhöfn. Hver og einn getur fundið sína draumagjöf í einni af fjölmörgum verslunum Smáralindar.

Pantaðu gjafakortin á þjónustuborði Smáralindar, í síma **528 8000** eða með því að senda tölvupóst á netfangið **thjonusta@smaralind.is.**

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18

Jólastund með vinnufélögunum

Mikilvægt er að andinn sé góður á vinnustaðnum. Þetta á sérstaklega við um jól og aðrar hátíðir þegar mikið er að gera hjá fólki. Margar leiðir eru fyrir fólk að hafa gaman saman.

Algengt hefur verið um jól að fyrirtæki gefi starfsmönnum sínum jólagjafir til að gleðja þá og fjölskyldur þeirra. Gjafirnar eru eins misjafnar og þær eru margar og einnig misveglegar. Heyrst hefur af fyrirtækjum sem gefa raftæki eða fatnað upp á mörg þúsund krónur en önnur láta konfektkassann duga.

Forsvarsmenn fyrirtækja geta gert ýmislegt annað til að gleðja starfsmenn sína á hátíðarstund en að gefa þeim gjafir. Hér á eftir fara nokkrar hugmyndir sem eiga það sameiginlegt að þær þjappa starfsfólkinu saman og efla starfsandann.

Jólahlaðborð

Ferð á jólahlaðborð er orðin hefð í mörgum fyrirtækjum. Flestum finnst gaman að fara út að borða og margir veitingastaðir eru farnir að bjóða upp á veglegar skemmtanir í tengslum við hlaðborðin. Við þetta tækifæri er líka upplagt að vera með pakkaleik þar sem hver tekur eina gjöf með sér og fær eina í staðinn.

Gaman er að halda jólaball þar sem börn starfsfólks fá að hitta jólasveininn og dansa í kringum jólatré. NORDIC PHOTO/GETTY

Það þjappar starfsfólkinu saman að hittast utan vinnutíma og gera eitthvað skemmtilegt.

Morgunverðarfundur

Auðvelt er að breyta daglegum fundum í hátíðlegan hitting með því að bjóða upp á girnilegar og jólalegar veitingar. Malt og appelsín, piparkökur, randalínur, smákökur og jafnvel heitt kakó lyftir anda starfsmanna og kemur öllum í jólagírinn.

Jólaball fyrir börnin

Mörg fyrirtæki halda jólaball fyrir fjölskyldur starfsmanna sinna. Þá er algengt að jólasveininn kíki í heimsókn og dansi með börnunum í kringum jólatréð og leysi þau út með smágjöfum. Þetta skapar skemmtilega fjölskyldustemningu og gaman fyrir starfsfólk að hitta börn samstarfsfélaganna.

Bióferð

Það gæti verið gaman að brjóta upp á hversdagsleikann og gera eitthvað saman sem er ekki endilega tengt jólunum. Bióferð er ágæt hugmynd sem er alls ekki svo flókin. Jafnvel væri hægt að finna mynd sem væri jólaleg ef ætlunin er að blása jólaandanum í brjóst starfsmanna.

Nýr brunnur kostar 180.000 kr. en hægt er að kaupa gjafabréf fyrir 6.000 kr.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Geiturnar eru vinsælastar

Hjálparstofnun kirkjunnar hefur í nokkur ár boðið fyrirtækjum að kaupa gjafabréf í stað hefðbundinna jólagjafa. Hægt er að velja úr 37 gjafabréfum og rennur peningurinn beint í vel skilgreind verkefni.

Fyrirtæki og stofnanir hafa frá árinu 2007 getað keypt gjafabréf frá Hjálparstofnun kirkjunnar í stað þess að gefa starfsmönnum hefðbundnar jólagjafir. Hægt er að velja úr 37 ólíkum gjafabréfum sem spanna frá 1.600 til 180.000 króna en dýrasta gjafabréfið dugar einmitt fyrir einum brunni. Bjarni Ólafsson, verkefnastjóri hjá Hjálparstofnun kirkjunnar, segir hugmyndina að gjafabréfunum hafa kviknað á sínum tíma þegar starfsmenn hjálparstofnunarinnar reyndu að finna nýjar leiðir til að fjármagna starfið. „Þessi hugmynd kom fram enda hafa systursamtök okkar gert svipaða hluti. Þannig gefst einstaklingum og fyrirtækjum kostur á að senda peninga í ýmis þörf verkefni víða um heim ásamt kveðjum frá Íslandi. Útfærsla okkar á vefnum okkar er síðan okkar hugmynd en þar geta einstaklingar og fyrirtæki gengið frá kaupum gjafabréfanna.“

„Gjafabréfin eru seld allt árið og henta fyrir mörg önnur tilefni en jólagjafir,“ segir Bjarni Ólafsson, verkefnastjóri hjá Hjálparstofnun kirkjunnar. MYND/GVA



Gjafabréf vegna geitar.

Ólík tilefni

Að sögn Bjarna eru geiturnar vinsælastar en gjafabréf til söfnunar brunna seljast einnig mjög vel. „Geitur eru mjög nytsamleg dýr en hægt er að kaupa eina geit á 3.200 kr. Þær nýtast mjög vel til að bæta lífsgrundvöll fólks og eru mjög gagnlegar. Geitur gefa mjólk og þeim fjölgar hratt. Það er hægt að selja þær og einnig er hægt að nýta taðið úr þeim sem áburð í grænmetisgarða. Þannig verður þetta hringur sem myndast sem eflir lífsafkomu fólksins.“ Nýr brunnur kostar 180.000 kr. eins og fyrr segir en hægt er að kaupa vatnsgjafabréf fyrir 6.000 kr. sem hugsað er sem hlutdeild í brunni. Þegar nógu mörg bréf hafa verið keypt safnast saman í einn brunn. Gjafabréfin eru seld allt árið og henta fyrir mörg önnur tilefni en jólagjafir að sögn Bjarna. „Gjafabréfin hafa til dæmis verið keypt í tengslum við afmæli, útskriftir og einnig minningarkort þannig að þau eru í sölu allt árið.“

Innanlandsaðstoð í boði

Bjarni segir hvert og eitt gjafabréf útbúið út frá verkefnum hjálparstofnunarinnar. Svo þegar peningar safnist saman fari þeir beint í viðkomandi verkefni. „Ef gjafabréf í tengslum við geit er keypt fara þeir peningar í kaup á geit og engu öðru. Hjálparstofnunin er líka með gjafabréf í tengslum við innanlandaðstoð. Þar má til dæmis nefna framtíðarsjóðinn sem hjálpar illa stöddum nemendum við greiðslu skólagjalda í framhaldsskólum.“ Stærstur hluti þeirra fjármuna sem Hjálparstofnun kirkjunnar safnar með sölu gjafabréfa rennur til verkefna í Eþíópíu, Úganda, Malaví, á Indlandi auk verkefna á Íslandi. „Starfsmönnum fyrirtækja gefst kostur á að fylgjast með framvindu verkefnanna í ársskýrslum okkar en hún inniheldur nákvæma skýrslu um hvert verkefni.“ Nánari upplýsingar má finna á gjofsemgefur.is.

Hughrif Hörpu

Láttu fara vel um þig í miðborg Reykjavíkur, upplifðu kvöld með Sinfóníuhljómsveit Íslands eða Íslensku óperunni og kynntu þér Hörpu.

Í vetur kynnir Harpa – tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík skemmtilega og spennandi nýjung sem nefnist „Hughrif Hörpu“. „Um er að ræða gjafapakka fyrir tvo sem inniheldur miða í annaðhvort Íslensku óperuna eða á tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands, nótt á Icelandair Hótel Reykjavík Marina, kvöldverð á Kolabrautinni í Hörpu, skoðunarferð um húsið og að sjálfsögðu stæði í bílakjallara Hörpu,“ útskýrir Anna Margrét Björnsson, kynningarfulltrúi Hörpu. Anna bætir við að þau vonist til þess að fólk á höfuðborgarsvæðinu nýti sér þetta frábæra tilboð.

Gjafapakkinn, sem er fyrir tvo, inniheldur miða í Íslensku óperuna eða á Sinfóníutónleika, nótt á Icelandair Hótel Reykjavík Marina, kvöldverð á Kolabrautinni í Hörpu og skoðunarferð um húsið.

„Vestanhafs er mjög vinsælt að pör fari í svokallað „staycation“ en það er frí án þess að langt sé farið. Þetta er auðvitað stórskemmtileg gjöf fyrir fólk sem vill rómantíska upplifun og komast aðeins í burtu frá hversdagsleikanum.“ Einnig býður Harpa upp á hefðbundin gjafakort sem gilda sem inneign á hvaða tónleika sem er í húsinu.

Anna segist líka búast við því að fólk utan höfuðborgarinnar nýti sér gjafapakkann til að gefa einstaka upplifun í Hörpu og njóta alls þess sem miðborg Reykjavíkur hefur upp á að bjóða. „Við höfnina hefur sprottið upp fjöldi skemmtilegra verslana, kaffihúsa og veitingastaða sem er gaman að skoða. Með þessum gjafapakka getur þú komið þér vel fyrir í hjarta miðborgarinnar og nýtt daginn vel í miðbænum á meðan bíllinn getur beðið í hlýjunni í Hörpu. Svo bíður þín dýrindis málsverður á Kolabrautinni á fjórðu hæð Hörpu með útsýni yfir borgina, tónleikar í Eldborg og loks uppábúið rúm á glæsilegu hóteli.“

Nánari upplýsingar um „Hughrif Hörpu“ er að finna á www.harpa.is eða í miðasölu Hörpu 528 5050.

Anna Margrét segir viða vinsælt að pör fari í svokallað „staycation“ en það er frí án þess að langt sé farið. Hughrif Hörpu er dæmi um slíkt frí.

Gjafakort gleðja alla

Gjafakort Smáralindar er fullkomin gjöf vinnuveitanda til starfsmanns. „Í Smáralind eru 80 rekstraraðilar. Gjafakortin gefa því fólki færi á að velja sína eigin draumagjöf úr fjölda verslana," segir Guðrún Margrét Örnólfsdóttir, markaðsstjóri Smáralindar.

Gjafakort Smáralindar hafa notið mikilla vinsælda, bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum, undanfarin ár enda kjörin leið til þess að tryggja að allir fái eitthvað fallegt og nytsamt. „Fólk hefur þá val og frelsi til að kaupa það sem það langar í eða vantar. Í Smáralind eru 80 rekstraraðilar; ýmsar verslanir, veitingastaðir, skemmtigarður og bíó þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi," segir Guðrún Margrét Örnólfsdóttir.

Með gjafakorti geta starfsmenn keypt það sem hugurinn girnirst. MYND/VILHELM

Gjafakort Smáralindar er rafrænt kort, eins og debetkort, með fyrirframgreiddri upphæð. Starfsmaður fær svo kortið að gjöf og getur notað innistæðuna að eigin vild í verslunum Smáralindar. Hægt er að fylgjast með innistæðu kortsins á heimasíðu Smáralindar, með því að stimpla inn númer þess eða með því að hringja á þjónustuborð Smáralindar. „Við höfum margoft heyrt sögur af því að gjafakortið hafi létt undir með fólki fyrir jólin og jólaundirbúninginn. Margir kaupa sér það sem þá langar í en aðrir kaupa gjafir fyrir ættingja eða jafnvel jólamatinn. Sveigjanleiki gjafakortsins er því mjög mikill."

Hægt er að merkja kortin með vörumerkjum fyrirtækja sem gerir gjöfina frá fyrirtækinu persónulegri. „Þessa þjónustu veitum við að kostnaðarlausu. En gott er að hafa nokkurra daga fyrirvara fyrir sérmerkingar, sérstaklega ef um mikið magn er að ræða."

Gjafakortin koma nú í nýjum búningi þar sem búið er að endurhanna útlit þeirra. „Við vildum gera þau persónulegri og fallegri og létum því endurhanna þau. Kortin koma öll í fallegu umslagi en fyrir 100 krónur er hægt að kaupa fallega gjafaöskju sem er þá meira eins og pakki."

Gjafkort Smáralindar er hægt að nálgast á þjónustuborði Smáralindar á annarri hæð, eða með því að hafa samband í síma 5288000 eða með tölvupósti á thjonusta@smaralind.is.

Það gleður ekki bara starfsmanninn heldur alla fjölskyldu hans að fá í jólatré í jólagjöf og þar að auki skemmtiferð í jólaskóginn til að höggva saman draumatré fjölskyldunnar.

Skógarhögg og samvera

Jólatré eru jafn ómissandi og hangikjöt á íslenskum jólum. Margir vinnuveitendur tryggja ár eftir ár að ljúffeng hangikjötsangan fylli hvern krók og kima á jólaskreyttum heimilum starfsfólks síns og ávallt kærkomin búbót. Önnur nytsamleg jólagjöf er skógarhöggsferð með vinnufélögum og fjölskyldum þeirra í aðdraganda jóla. Víða er tekið á móti hópum til að arka um jólatréskóga landsins í leit að hinu fullkomna tré til að prýða stofuna heima. Stemningin í skóginum er jólaleg og vissulega vel þegið að fá jólatré í jólagjöf frá vinnunni. Börn elska ferð í jólaskóginn og minningin verður sveipuð töfraljóma í hugum starfsfólksins um ókomin ár. Ómissandi glaðningur fyrir ferðalangana er nóg af heitu súkkulaði, þeyttum rjóma, piparkökum og smurðum samlokum.

KEMUR ÚT **27. NÓVEMBER**

JÓLAGJAFA HANDBÓKIN

Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósin, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasiður og venjur.

Bókið auglýsingar tímanlega:

Benedikt Freyr Jónsson
Benni@365.is
S: 512 5411

Elsa Jensdóttir
ElsjaJ@365.is
S: 512 5427

Jónína María Hafsteinsdóttir
Jmh@365.is
S: 512 5473

Sverrir Birgir Sverrisson
Sverrirbs@365.is
S: 512 5432

STEINDÓR GRÉTAR JÓNSSON

Hvað fékkst þú í jólagjöf frá þínum vinnuveitanda í fyrra?

Ég fékk skurðarbretti, rauðvínsflösku og fleira.

Er einhver gjöf sem er eftirminnilegri en önnur frá vinnuveitanda á liðnum árum?

Ég fékk eitt sinn ostakörfu frá Ostabúðinni með villibráð og fleiru. Það var alveg frábær gjöf.

Er einhver draumagjöf sem þú vildir fá frá þínum vinnuveitanda?

Fasteign.

Starf: Vinn hjá Fjármálaeftirlitinu.

SANDRA ÓSK STEFÁNSDÓTTIR

Hvað fékkst þú í jólagjöf frá þínum vinnuveitanda í fyrra?

Ég fékk einn frídag.

Er einhver gjöf sem er eftirminnilegri en önnur frá vinnuveitanda á liðnum árum?

Nei, ég man það bara ekki.

Er einhver draumagjöf sem þú vildir fá?

Utanlandsferð.

Starf: Jarðfræðingur.

EVA ALEXANDRA

Hvað fékkst þú í jólagjöf frá þínum vinnuveitanda í fyrra?

Ég fékk jólastjörnu frá Landspítalanum.

Er einhver gjöf sem er eftirminnilegri en önnur frá vinnuveitanda á liðnum árum?

Nei, get ekki sagt það, alltaf verið konfekt og eitthvað álíka.

Er einhver draumagjöf sem þú vildir fá?

Ég veit það ekki, hef aldrei hugsað út í það.

Starf: Sjúkraliði.

DAGMAR KRISTINSDÓTTIR

Hvað fékkst þú í jólagjöf frá þínum vinnuveitanda í fyrra?

Ég fékk konfektkassa.

Er einhver gjöf sem er eftirminnilegri en önnur frá vinnuveitanda á liðnum árum?

Fyrstu jólin mín á Íslandi í langan tíma voru í fyrra. Áður bjó ég erlendis og fékk þá oft osta og annað góðgæti og einhvern tímann var vínflaska í pakkanum.

Er einhver draumagjöf sem þú vildir fá frá þínum vinnuveitanda?

Nei, ég veit það ekki. Hef ekki spáð í það.

Starf: Ritari þingmanna á Alþingi.

HAFÞÓR

Hvað fékkst þú í jólagjöf frá þínum vinnuveitanda í fyrra?

Ekki neitt.

Er einhver gjöf sem er eftirminnilegri en önnur frá vinnuveitanda á liðnum árum?

Nei, ekki sem ég man.

Er einhver draumagjöf sem þú vildir fá?

Bara betri laun og næga vinnu.

Starf: Vélstjóri.

GUÐRÚN HÄSLER

Hvað fékkst þú í jólagjöf frá þínum vinnuveitanda í fyrra?

Ég var ekki í vinnu í fyrra en þar áður fékk ég Kærleikskúluna.

Er einhver gjöf sem er eftirminnilegri en önnur frá vinnuveitanda á liðnum árum?

Ég er eiginlega bara búin að vera í skóla, þannig að ég hef ekki fengið neinar gjafir.

Er einhver draumagjöf sem þú vildir fá? Hef bara ekkert velt því fyrir mér.

Starf: Umönnun.

ELLÝ KATRÍN GUÐMUNDSDÓTTIR

Hvað fékkst þú í jólagjöf frá þínum vinnuveitanda í fyrra?

Ég fékk jólakort.

Er einhver gjöf sem er eftirminnilegri en önnur frá vinnuveitanda á liðnum árum?

Já, ég fékk eitt sinn konfektkassa.

Er einhver draumagjöf sem þú vildir fá frá þínum vinnuveitanda?

Jólakort væri bara alveg ljómandi.

Starf: Borgarritari.

Brandenburg

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Póst dreifing

Það er notaleg tilhugsun að mæta malandi ketti í leit að klappi og keleríi í vinnunni.

ENGINN Í JÓLAKÖTTINN

Hvað er krúttlegra en kettlingur í jólapakka? Víst þarfnast ótal kettir góðs heimilis og umhyggju en það fylgir því ábyrgð að gefa gæludýr í jólagjöf. Þó er heillandi hugmynd að gefa starfsfólkinu sameiginlegan heimiliskött á vinnustaðinn. Sannkallaður dýravinur þyrfti þó að annast köttinn og ganga honum í „móðurstað" á frídögum. Önnur hugulsöm jólagjöf til starfsmanna er fjárframlag til Kattholts. Það er í sönnum jólaanda og tryggir kisunum gleðileg jól.

VANDASAMT AÐ GEFA FATNAÐ

Það er erfitt að gefa föt, jafnvel þótt fatastærðir liggi fyrir, enda misjafnt hvernig snið og stærðir fara fólki.

Sum fyrirtæki hafa gefið starfsmönnum sínum merkta flík í jólagjöf og þó slíkar gjafir geti komið sér vel er erfitt að áætla stærðir og getur það jafnvel verið særandi ef einn starfsmaður fær úthlutað í small en sá næsti í extra large.

Þá er betra að bjóða starfsmönnum að máta snið og stærðir, pakka flíkinni inn og lauma svo kannski einhverju óvæntu með. Ef gjöfin á að koma algerlega á óvart þarf að bjóða upp á þann möguleika að skipta.

FÖSTUDAGSFJÖR FRAM AÐ JÓLUM

Jólatónlistin byrjar að óma von bráðar. Hví ekki að mæta með hátalara og spila hugljúfa jólatónlist fyrir starfsmenn síðustu klukkutímana fyrir helgarfrí fram að jólum? Það er hægt að vera með óskalista svo allir fái að heyra sín uppáhaldslög. Til að fullkomna stemninguna er upplagt að bjóða upp á piparkökur, malt og appelsín, mandarínur eða konfekt.

GLAÐNINGUR Á AÐVENTUNNI

Lilja og Ingibjörg gerðu plötuumslag Valtara. Verkin á sýningunni tengjast þó fæst plötunni beint, nema þó þannig að platan varð innblástur verkanna. „Á sýningunni eru handlitaðar ljósmyndir, vídeó- og hljóðverk. Sem dæmi um það síðastnefnda er verkið sem sýningin dregur nafn sitt af, Varúð, en það byggir á skipaflauti. Þegar blásnir eru fimm langir tónar þá þýðir það varúð."

Lilja segir sýninguna því nokkurs konar samruna tónlistar og myndlistar. „Það er mjög áhugavert að velta þessum samruna listheima fyrir sér. Tónlist er huglæg í sjálfri sér og óáþreifanleg og með verkunum má segja að við sýnum áþreifanlega túlkun á tónlistinni og sköpum henni ákveðna efniskennd."

Lilja og Ingibjörg eru systur sem báðar hafa fetað veg myndlistarinnar. Þær útskrifuðust báðar úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Þær eru systur Jónsa, söngvara Sigur Rósar. „Við unnum líka saman að plötuumslaginu og öllum listrænum verkefnum á plötunni hans, Go. Við erum mjög samrýndar enda bara tvö ár á milli okkar," segir Lilja að lokum.

Sýningin verður opnuð í kvöld í Listamenn gallerí, Skúlagötu 32. Opnunin er á milli sex og átta í kvöld og eru allir hjartanlega velkomnir.

sigridur@frettabladid.is

Erum á fullu og heyrum ekkert

Við opnum eftir 5 daga

BRAMMER

Brammer Ísland ehf | Steinhella 17a | 221 Hafnarfjörður | Sími: 522 6262 | www.brammer.is

Leikhús ★★☆☆☆

Bastarðar

Borgarleikhúsið í samvinnu við Vesturport

Höfundar: Gísli Örn Garðarsson og Richard LaGravense. **Leikarar:** Jóhann Sigurðsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Hilmar Snær Guðnason, Elva Ósk Ólafsdóttir, Þórunn Erla Clausen, Sigurður Þór Óskarsson, Víkingur Kristjánsson og Jóhannes Níels Sigurðsson. **Leikmynd:** Börkur Jónsson. **Leikstjóri:** Gísli Örn Garðarsson.

Hasar og klisjur

Mikil eftirvænting ríkti í stóra sal Borgarleikhússins á laugardagskvöldið þegar áhorfendur streymdu til sæta sem líklega hafa verið helmingi fleiri en venjulega. Vesturport í samvinnu við Borgarleikhúsið bauð upp á mikið sjónarspil í stórbrotinni leikmynd Barkar Jónssonar. Tré til allra handa og einhvers konar glerþak með brotnum rúðum sem leikarar komu niður um á mismunandi skeiðum.

Leikritið Bastarðar, sem upprunalega var sýnt í samvinnu þriggja norrænna leikhúsa á þremur málum, fjallar um einræðisherra á eyju sem hann hafði sölsað undir sig með því að barna ljóta konu og kallar hann saman börn sín sem hafa ekki hist í mörg ár. Bræðurnir Mikael og Jóhann koma til landareignarinnar í þeirri trú að sá gamli sé við dauðans dyr, en það er nú eitthvað annað. Hann og unnustan eru að undirbúa brúðkaup. Börnin eru öll sködduð af uppeldi sínu, hvert á sinn máta.

Í gegnum aldirnar hafa leikskáld gert fjölskylduharmleiki að yrkisefni sínu. Hvort heldur er meðal Grikkja, hjá Shakespeare eða bara hjá hinu sísullandi fólki í Dallas. Því miður var tónninn heldur holur í persónusköpun sýningar Vesturports á Bastörðum sem frumsýnd var á laugardagskvöldið í Borgarleikhúsinu í íslensku útgáfunni. Í leikskrá er vísað til Karamasov-bræðranna en það eina sem í raun minnir á þá sögu er sambandið milli pabbans og hinnar lauslátu stúlku sem áður hafði verið unnusta elsta sonarins. Danska myndin Festen kom oftar en einu sinni upp í hugann.

Jóhann er eitt taugabúnt og snar taugaveiklaður í hlutverki föðurins Magnúsar. Jafnvel verstu ruddar fá smá brjóstsviða eða minnast móður sinnar með tár á hvarmi en Magnús er bara skepna, og að því leyti skilaði Jóhann þessu hlutverki vel.

Hilmir Snær Guðnason leikur Jóhann, sem á margan hátt er bitastæðasta hlutverkið, og allar dómadags hugdettur og afhjúpanir sem frá honum komu voru bæði fyndnar og trúverðugar. Marta, dóttirin sem fórnaði öllu fyrir föður sinn, er flöt persóna og þar af leiðandi lítil samkennd með henni þó hún sé brotin í lokin. Þórunn Erna Clausen lék Mörtu. Maður hennar, Ríkharður, var ákaflega pirrandi en þó skemmtileg persóna í höndum Víkings Kristjánssonar. Nína Dögg var hrífandi köld og kynþokkafull í hlutverki hinnar léttúðugu Margrétar og Elva Ósk Ólafsdóttir var skemmtilega staðsett á einhverjum allt öðrum skala heldur en þau hin. Minnti á miðevrópska aldamótakonu og því ótrúverðugt að hún starfaði sem markþjálfi. Stefán Hallur Stefánsson fer með hlutverk Mikaels, sem aðhyllist hugmyndafræði víkinga og er einhvers konar nýnasisti en elskar enn þá gömlu unnustuna.

Stjarna kvöldsins var þó tvímælalaust yngsti bróðirinn, uppáhald pabbans, sem Sigurður Þór Óskarsson gæddi trúverðugu lífi.

Tónlistin, lýsingin og umgjörðin öll var hrífandi meðan persónusköpunin var meira eins og samkrull af klisjum og mikil orka fer í hlaup, sprang og óp. Þar sem áhorfendur sátu bæði uppi á sviðinu og niðri í sal heyrðist mjög vel það sem sagt var. Þó svo að kallað hafi verið til sérfræðings frá sjálfri Hollywood var handritið Akkilesarhæll sýningarinnar.

Elísabet Brekkan

Niðurstaða: Heljarinnar sjónarspil með fremur rýrum texta

Matreiðslumaður ársins er á Slippbarnum

BJARNI SIGURÓLI JAKOBSSON ER MATREIÐSLUMAÐUR ÁRSINS 2012.
VIÐ Á SLIPPBARNUM ERUM AÐ SPRINGA ÚR STOLTI OG ÓSKUM BJARNA
INNILEGA TIL HAMINGJU MEÐ ÞENNAN VERÐSKULDAÐA TITIL.

SLIPPBARINN

Icelandair hótel Reykjavík Marina Mýrargata 2 101 Reykjavík Sími 560 8000 www.icelandairhotels.is

ENNEMM / SIA / NM54645

SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR 5%	
SKYFALL KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 10.10		12
SKYFALL LÚXUS	KL. 5 - 8	12
TEDDI LANDKÖNNUÐUR KL. 3.40		L
FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL KL. 3.40		L
TAKEN 2	KL. 10.30	16
DJÚPIÐ	KL. 5.50 - 8	10
ÁVAXTAKARFAN	KL. 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.IS 5%	
SKYFALL	KL. 6 - 7 - 9 - 10	12
TAKEN 2	KL. 10.10	16
LOVE IS ALL YOU NEED KL. 8 - 10.30		L
DJÚPIÐ	KL. 5.50 - 8	10
THE DEEP ENSKUR TEXTI KL. 5.50		10

BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIÐI.IS	
SKYFALL KL. 5.20 - 8 - 10 - 10.40		12
TAKEN 2	KL. 8	16
DJÚPIÐ	KL. 6	10

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

Í BEINNI Á KEXP.ORG

Útvarpsstöðin frá Seattle, KEXP.ORG stendur fyrir fimmtán tónleikum í beinni útsendingu með íslenskum flytjendum á hátíðinni. **Sóley** stígur fyrst á svið. Á eftir henni koma svo í halarófu Blouse frá Bandaríkjunum, Tilbury, Mr. Silla og FM Belfast.

Miðvikudagur.
Kex Hostel frá kl. 13.

CORLEY STÍGUR Á SVIÐ

Útgáfufyrirtækið Bedroom Community verður með off venue-bækistöðvar á Kaffibarnum. Bandaríkjamaðurinn Paul Corley er nýjasti listamaður útgáfunnar og sá sjöundi í röðinni. Hann hefur unnið náið með meðlimum Bedroom Community í fjölmörg ár. Fyrsta plata hans, Disquiet kom út 5. nóvember á heimsvísu.

Miðvikudagur.
Kaffibarinn kl. 17.00



EINU TÓNLEIKAR OF MONSTERS AND MEN

Þetta verða einu tónleikar **Of Monsters and Men** utan dagskrár. Hljómsveitin hefur slegið rækilega í gegn á þessu ári úti í heimi og fyrir aðdáendur hennar sem náðu ekki að tryggja sér miða á Airwaves er þetta algjörlega málið. Ásgeir Trausti og Valdimar spila á undan. Ekki amaleg upphitun þar á ferð.

Fimmtudagur.
Marina Hótel kl. 18.

ÓKEYPIS UTAN AIRWAVES

Samhliða Airwaves-hátíðinni verða haldin ógrynnin öll af ókeypis uppákomum og tónleikum utan dagskrár. Alls verða þær um fjögur hundruð talsins á 35 stöðum í miðborg Reykjavíkur frá miðvikudegi til sunnudags. Fréttablaðið leit á nokkra áhugaverða off venue-viðburði.

TVÍHÖFÐAMENN SNÚA AFTUR

Borgarstjórinn **Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson**, úr gríntvíeykinu Tvíhöfða, syngja með hljómsveitinni Kleópötru. Athyglisvert, svo ekki sé nú meira sagt.

Fimmtudagur.
Íslenski barinn kl. 18.

SPILA UNDIR ÞÖGULLI MYND

Hjaltalín spilar undir þöglu myndinni Days of Gray í fyrsta sinn hér á landi. Myndin fjallar um ævintýri drengs og stúlku og var tónlistin samin af hljómsveitinni sérstaklega fyrir myndina.

Föstudagur.
Bíó Paradís kl. 18.30.

JÓNAS OG MUGISON MÆTA

Hvorki **Jónas Sigurðsson** og Ritvélar framtíðarinnar né Mugison spila á Airwaves-hátíðinni í ár. Jónas spilar samt á nokkrum stöðum utan dagskrár, þar á meðal þessum, en þetta verða einu tónleikarnir hjá Mugison. Woodpigeon frá Kanada og Biggi Hilmars troða einnig upp.

Föstudagur
Netagerðin frá kl. 16.

HÖRKUSTEMNING Í MH

Búast má við miklu stuði í Menntaskólanum við Hamrahlíð. RetRoBot sem vann Músíktilraunir fyrr á árinu hefur leikinn og rapparinn Gísli Pálmi tekur við. Hljómsveitin Bloodgroup mætir svo til leiks áður en Ultra Mega Technobandið Stefán rekur endahnútinn á tónleikaveisluna.

Laugardagur.
Menntaskólinn við Hamrahlíð frá kl. 16.

OFF VENUE BÚIÐ TIL Á ICELAND AIRWAVES

Off venue er hugtak yfir allt það sem er utan auglýstrar dagskrár á Airwaves-hátíðinni. Svo virðist sem það hafi orðið til í tengslum við Airwaves-hátíðina því það er hvergi að finna í leitarvél Google í tengslum við erlendar hátíðir. Aðspurður telur Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves, að fyrrverandi skipuleggjendur hátíðarinnar hafi búið hugtakið til, sem síðan þá hefur fest sig vel í sessi.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS



MIÐVIKUDAGUR: PURGE (HREINSUN) (16) 17:30, 20:00, 22:30 ■ 2 DAYS IN NEW YORK (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SUNDIÐ (L) 18:00, 20:00 ■ HREINT HJARTA (L) 18:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ A SEPARATION (L) 22:00 ■ KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE)(14) 22:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

ICELANDAIR Á ICELAND AIRWAVES

Dikta er á dagskránni
„Off-venue“ tónleikar Icelandair á Iceland Airwaves verða á Slippbarnum á Reykjavík Marina. Þar munu margir af helstu tónlistarmönnum landsins koma fram. Við hlökkum til að sjá þig.

Icelandair Hótel Reykjavík Marina dagskrá

- **Fimmtudagur 1. nóv.**
  12.00 Eldar
  17.00 Agent Fresco
  18.00 Dikta
- **Föstudagur 2. nóv.**
  12.00 Ásgeir Trausti
  17.00 Valdimar
  18.00 Of Monsters and Men
  19.00 Tilbury
- **Laugardagur 3. nóv.**
  12.00 Snorri Helgason
  17.00 Hjálmar
  18.00 For a Minor Reflection

Iceland Airwaves '12

Icelandair er stofnandi og aðalstyrktaraðili Iceland Airwaves.

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SÍA,IS ICE 60478 10/12

sport

sport@frettabladid.is

HVÍT-RÚSSAR ættu að kunna vel við sig í Laugardalshöllinni ef marka má söguna því þeir eru með hundrað prósenta sigurhlutfall í tveimur leikjum sínum þar. Hvíta-Rússland vann 29-24 sigur á Íslendingum á HM á Íslandi 1995 og vann síðan 27-26 sigur í seinni leik liðanna í umspili EM 2002. Íslenska landsliðið hefur aftur á móti unnið alla fjóra leiki sína við Hvít-Rússa utan Hallarinnar þar á meðal 33-24 sigur í Kaplakrika í umspili fyrir EM 2006.

KALT ÚTI
MÚR BÚÐAR VERÐ

Ryco-1509 Olíufylltur 2000W rafmagnsofn m/termo stillingum og yfirhitavörn 9 þilja
7.990

Ryco-2006T Rafmagnsþilofn Turbo með yfirhitavari 3 stillingar 2000w
4.490

Rafmagnshitablásari 2Kw 1 fasa
6.990

Rafmagnshitablásari 2Kw
1.995

Panelofnar í MIKLU ÚRVALI!
FRÁBÆRT VERÐ!
EURONORM EN 442 CE
KRANAR OG HITASTILLAR FRÁ Danfoss

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

WACKER NEUSON

Steypuvíbratorar

Steypuvíbrator M2000
1,7 kW, 6,4 kg. 17.500 pr/mín

Steypuvíbrator M3000
2,3 kW, 8,4 kg. 16.500 pr/mín

Fáanlegir hausar
35 mm og 45 mm

Fáanlegir barkar
3, 4 og 5 metrar

WACKER NEUSON umboðið á Íslandi

ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
REKJAVÍK: Krókhals 16 | AKUREYRI: Lónsbakka | sími 568-1500 | www.thor.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
ALLT SPORTIÐ Á ÞÍNUM HEIMAVELLI
VÍSIR - oft á dag

Ekki tími fyrir breytingar

Aron Kristjánsson verður í kvöld fyrsti landsliðsþjálfari karla í meira en fimmtíu ár sem fær ekki æfingaleik fyrir fyrsta keppnisleikinn. Ísland mætir Hvít-Rússum í Höllinni í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2014.

HANDBOLTI Íslenska handboltalandsliðið frumsýnir nýjan þjálfara og nýtt þjálfarateymi í Laugardalshöllinni í kvöld þegar liðið mætir Hvíta-Rússlandi í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2014 í Danmörku.

Aron Kristjánsson er ekki í óskastöðu enda fyrsti landsliðsþjálfarinn í meira en hálfa öld sem ekki fær æfingaleik fyrir fyrsta alvöru leikinn. Það hefur ekki gerst síðan að Hallsteinn Hinriksson fór með íslenska landsliðið á HM í Vestur-Þýskalandi árið 1961 en þá hafði landsliðið ekki spilað í tvö ár.

Reynum að ná vopnum

„Það er búinn að vera knappur tími fyrir þessa leiki og það er því gott að liðið er búið að vera mikið saman og nokkuð vel samæft. Við reynum bara að ná vopnum," sagði Aron Kristjánsson.

„Þetta verður mjög erfitt. Við erum með nýjan þjálfara og höfum aðeins tvo daga til að samstilla liðið," sagði Alexander Petersson og bætti við: „Ég vildi ekki vera í skónum hans Arons því þetta er mjög erfitt og við þurfum að hjálpa honum mikið," sagði Alexander.

Aron hefur kynnt sér vel leik íslenska liðsins síðustu misseri og lykilmenn eins og Snorri Steinn Guðjónsson og Guðjón Valur Sigurðsson segja að nýi þjálfarinn hafi leitað til þeirra í undirbúningi sínum fyrir verkefnið.

Meira talað en spilað

„Hann hefur horft á alla okkar leiki og við getum sagt hvað hefur virkað fyrir okkur og vitum líka hvar við höfum verið í mestum vandræðum. Það er aðeins rólegra yfir þessu og meira talað en spilað af því að við þurfum að vera með allt á hreinu," sagði fyrirliðinn Guðjón Valur Sigurðsson.

„Þegar það kemur nýr þjálfari þá þarf hann að kynnast liðinu og að sama skapi við að kynnast honum og hans aðferðum. Gummi var búinn að vera með þetta í langan tíma og það er ákveðin vítamínsprauta að breyta aðeins til og fá inn nýja menn. Þegar lið hafa verið að spila lengi saman er minni ástæða til að breyta hlutunum og þá sérstaklega þegar þetta hefur virkað," sagði Snorri Steinn Guðjónsson.

„Það er ekki hægt að breyta neinu núna og því snýst þetta bara um að ná saman, finna hver annan í vörn og sókn og byggja á því sem hefur verið gert. Svo reynir maður í framhaldinu að finna leiðir til að þróa okkar leik og bæta okkur," sagði Aron.

LÉTTIR Á ÆFINGU Ásgeir Örn Hallgrímsson og Vignir Svavarsson grínast hér á einni af þremur æfingum íslenska liðsins fyrir leikinn við Hvíta-Rússland. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég vildi ekki vera í skónum hans Arons því þetta er mjög erfitt.
>
> **ALEXANDER PETERSSON**
> LEIKMAÐUR ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS

Ólafur Stefánsson er einn af þremur lykilmönnum liðsins á ÓL í London sem verða ekki með liðinu í kvöld. „Það eru breytingar á liðinu frá Ólympíuleikunum og það eru nokkrir dottnir út. Við þurfum að mæta einbeittir og við þurfum að spila góðan leik til að vinna," sagði Aron.

Sýnd veiði en ekki gefin

„Hvít-Rússar geta reynst mjög erfiðir og þeir eru skeinuhættir. Þeir eru vel skipulagðir og með nokkra sterka leikmenn innanborðs. Þetta er sýnd veiði en ekki gefin, við þurfum virkilega að vera á tánum og þurfum mikinn stuðning frá áhorfendum. Við þurfum að fá fulla höll og pressu á andstæðinginn til þess að landa sigri," sagði Aron og Alexander spáir sigri.

„Þetta verður mjög erfiður leikur en við vinnum þetta með fjórum mörkum," sagði Alexander léttur.

Leikurinn hefst klukkan 19.30.

ooj@frettabladid.is

GEGN ÍSLANDI Alexander Petersson tekur hér á Siarhei Rutenka í leik Slóveníu og Íslands á HM 2007. Þeir mætast aftur á vellinum í kvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Siarhei Rutenka hefur komið víða við:

Landsliðaflakkarinn

HANDBOLTI Siarhei Rutenka er einn lykilmanna hvítrússneska landsliðsins sem mætir því íslenska í kvöld. Hann er lykilmaður í sterku liði Barcelona en var einnig samherji Ólafs Stefánssonar hjá Ciudad Real frá 2005 til 2009.

Það þykir þó lítið tiltökumál að skipta um félagslið, enda algengt í öllum íþróttum. Heldur óalgengara er að skipta um landslið en það gerist þó reglulega. Rutenka hefur þó afrekað það sem fáum hefur tekist – að skipta tvívegis um landslið.

Rutenka er fæddur og uppalinn í Hvíta-Rússlandi og hóf sinn landsliðsferil þar. Hann spilaði svo með félagsliðum í Slóveníu frá 2000 til 2005 og fékk slóvenskan ríkisborgararétt árið 2004. Rutenka skipti þá um landslið og spilaði alls 40 landsleiki með Slóveníu, til að mynda bæði á EM 2006 og HM 2007.

Árið 2005 flutti Rutenka svo til Spánar eftir að hafa samið við Ciudad Real. Þremur árum síðar fékk hann spænskan ríkisborgararétt og afsalaði sér um leið þeim slóvenska.

Reglan er að handboltamenn mega ekki spila landsleik í þrjú ár áður en þeir fá að spila með nýju landsliði og hefði Rutenka því getað gefið kost á sér í spænska landsliðið árið 2010. Hann valdi hins vegar að snúa aftur til síns heima og hefur síðan verið fastamaður í liði Hvít-Rússa. - esá

ÚRSLIT

N1-deild kvenna

ÍBV - FH	**27-18 (14-14)**
Fylkir - Selfoss	**21-27 (9-12)**
Grótta - Afturelding	**19-14 (7-5)**
HK - Haukar	**28-23 (12-12)**
Stjarnan - Fram	**23-26 (13-13)**

Mörk Stjörnunnar (skot): Jóna M. Ragnarsdóttir 6 (15/1), Hanna G. Stefánsdóttir 5/1 (9/2), Rakel Dögg Bragadóttir 5 (12), Þórhildur Gunnarsdóttir 3 (4), Kristín Clausen 2 (2), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 1 (1), Ágústa Edda Björnsdóttir 1 (3).
Varin skot: Sunneva Einarsdóttir 11/2 (29/4, 38%), Hildur Guðmundsdóttir 2 (10, 20%).
Mörk úr hraðaupphlaupum: 2
Mörk Fram (skot): Birna Berg Haraldsdóttir 7 (12), Stella Sigurðardóttir 6/1 (8/2), Elísabet Gunnarsdóttir 5/1 (6/2), Ásta Birna Gunnarsdóttir 5 (8), Sigurbjörg Jóhannsd. 2 (3), Sunna Jónsd. 1 (1).
Varin skot: Guðrún Bjartmarz 9/2 (19/2, 47%), Guðrún Ósk Maríasdóttir 6 (19/1, 32%).
Mörk úr hraðaupphlaupum: 6
Fiskuð víti: 4 (Stella 2, Elísabet 1, Sigurbjörg 1)

Enski deildarbikarinn

Sunderland - Middlesbrough	**0-1**
Leeds - Southampton	**3-0**
Reading - Arsenal	**4-4***
Swindon - Aston Villa	**2-3**
Wigan - Bradford	**0-0***

**framlenging stóð yfir þegar blaðið fór í prentun.*

Allt um leiki gærkvöldsins er að finna á VÍSIR.IS

skemmtilegri
FUNHEITUR NÓVEMBER
PRESSA – SPENNAN MAGNAST
MASTERCHEF ÍSLAND HEFST Í NÓVEMBER
Ný íslensk þáttaröð af MasterChef lítur dagsins ljós á Stöð 2 í nóvember. Hver verður fyrsti meistarakokkur Íslands?
THE MENTALIST
PATRICK JANE SNÝR AFTUR
HEFST 25. NÓVEMBER
GREY'S ANATOMY
VINSÆLASTI ERLENDI ÞÁTTURINN
MIÐVIKUDAGAR
BÍÓ
GULL
krakkar
POPP TV
FJÓRAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 OG STÓRAUKIÐ NETFRELSI
ALLT ÞETTA FYRIR 254 KR. Á DAG
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

dagskrá

> Stöð 2 Sport kl. 19.35
Enski deildarbikarinn

Bein útsending frá leik Chelsea og Manchester United í 16 liða úrslitum enska deildarbikarsins. Liðin mættust í úrvalsdeildinni sl. sunnudag og þá hafði United betur í viðburðaríkum leik þar sem dómgæslan var í sviðsljósinu. Á sama tíma er leikur Norwich City og Tottenham Hotspur í beinni á Sport 3 og má búast við að Gylfi Sigurðsson verði í byrjunarliði Tottenham.

Í KVÖLD

Half Ton Killer
Heimildarmynd um Mayra Rosales, eina feitustu konu heims. Árið 2008 var hún ákærð fyrir að kremja og myrða tveggja ára gamlan frænda sinn. Hún játaði á sig sök en staðreyndir málsins stemmdu ekki.

Leikstj.: Jeff Keels og Tom Mireles. **Aðalhlutverk:** Raul Reyna, Bernie Rosales og Mayra Rosales.

20.20

Mad Money
Gamansöm spennumynd byggð á sönnum atburðum sem fjallar um þrjár konur sem starfa við þrif í seðlabanka Bandaríkjanna. Þær leggja á ráðin um að stinga undan peningum sem stendur til að eyða.

Leikstjóri: Callie Khouri. **Aðalhlutverk:** Diane Keaton, Queen Latifah og Katie Holmes.

Rotten Tomatoes 23% IMDb 5,5 BÍÓ 13.05

Ísland–Hvíta-Rússland
Bein útsending frá leik karlaliða Íslands og Hvíta-Rússlands í handbolta. Þetta er fyrsti leikurinn í riðlakeppninni fyrir Evrópumótið 2014 og fyrsti leikur liðsins með nýjum þjálfara. Leikurinn fer fram í Laugardalshöll.

Þjálfari Íslands: Aron Kristjánsson.

RÚV 19.20

The Listener
Lokaþátturinn í þáttaröðinni um unga sjúkraflutningamanninn Toby Logan sem býr yfir skyggnigáfu. Eftir að hafa reynt að afneita kröftum sínum í lengri tíma ákveður hann að nýta þá til góðs í starfi sínu.

Höfundur: Michael Amo. **Aðalhlutverk:** Craig Olejnik, Ennis Esmer og Mylène Dinh-Robic.

44/100 IMDb 6,3 22.30

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stakir sokkar **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ljósa **15.25** „Í djúpinu glitrar gullið" **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leyniféléagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Barátan um Hvíta húsið: Teboðshreyfingin og Occupy Wall Street **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

15.20 360 gráður (e)
15.55 Djöflaeyjan (e)
16.35 Hefnd (2:22) (Revenge)
17.20 Einu sinni var...lífið
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Geymslan
18.25 Hvunndagshetjur (4:6) (We Can Be Heroes) (e)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir og veður
➤ **19.20 Landsleikur í handbolta** (Ísland - Hvíta-Rússland, karlar) BEINT
21.00 Dans dans dans - Sigurdansar (e) Sýndir sigurdansarnir úr síðasta þætti.
21.05 Kiljan Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Teboð milljarðamæringanna (The Billionaires' Tea Party) Teboðshreyfingin hefur látið til sín taka í bandarískum stjórnmálum undanfarin misseri. En hvort er þetta alvöru grasrótarhreyfing eða útsmogin áróðursherferð? Ástralski kvikmyndagerðarmaðurinn Taki Oldham leitaði svara við því og komst að því að á bak við slagorð hreyfingarinnar um frelsi gegn félagshyggju leynist flókið net baráttuhópa sem bræðurnir Charles og David Koch og fleiri auðkýfingar styrkja.
23.15 Svona á ekki að lifa (1:6) (How Not to Live Your Life) (e)
23.45 Fréttir
23.55 Dagskrárlok

BÍÓ

10.00 Spy Next Door
11.35 Balls of Fury
➤ **13.05 Mad Money**
14.50 Spy Next Door
16.25 Balls of Fury
17.55 Mad Money
19.40 Robin Hood
22.00 3000 Miles to Graceland
00.05 The Condemned
01.55 Robin Hood
04.15 3000 Miles to Graceland

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Malcolm In the Middle (2:22)
08.30 Ellen (31:170)
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 60 mínútur
10.20 Doctors (13:175)
11.00 Community (17:25)
11.25 Perfect Couples (2:13)
11.50 Grey's Anatomy (22:24)
12.35 Nágrannar
13.00 New Girl (7:24)
13.25 Gossip Girl (11:24)
14.15 The Glee Project (5:11)
16.25 Nágrannar
16.50 Bold and the Beautiful
17.10 Ofurhundurinn Krypto
17.35 Ellen (32:170)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Big Bang Theory (3:17)
19.40 Modern Family (1:24)
20.05 New Girl (2:22)
20.30 Up All Night (14:24) Gamanþættir með Christina Applegate og Will Arnett í hlutverkum nýbakaðra foreldra.
20.55 Grey's Anatomy (4:24) Níunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
21.40 Touch (2:12) Yfirnáttúrulegir dramaþættir með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem reynir að ná tengslum við fatlaðan son sinn. Þegar faðirinn uppgötvar að sonurinn getur séð fyrir atburði sem enn hafa ekki átt sér stað breytist líf þeirra svo um munar.
➤ **22.30 The Listener** (13:13)
23.15 Neyðarlínan
23.50 Person of Interest (1:23)
00.35 Revolution
01.20 Fringe (19:22)
02.05 Breaking Bad (8:13)
02.55 The Killing (9:13) (10:13)
04.25 Undercovers (13:13)
05.10 Shoot ,Em Up

SPORT *besta sætið*

07.00 Enski deildarbikarinn: Reading - Arsenal
17.55 Enski deildarbikarinn: Reading - Arsenal
19.35 Enski deildarbikarinn: Chelsea - Man. Utd. BEINT frá leik í 16 liða úrslitum.
21.45 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur
22.15 Enski deildarbikarinn: Norwich - Tottenham
23.55 Enski deildarbikarinn: Chelsea - Man. Utd.

SPORT 2 *enski boltinn*

15.20 Being Liverpool Mögnuð þáttaröð þar sem áhorfendur fá einstaka innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar. Leikmenn og þjálfarar opna dyrnar og sýna hvernig líf knattspyrnumanna er.
16.05 Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
16.35 Newcastle - WBA
18.20 Reading - Fulham
20.05 Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Sunnudagsmessan Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni.
22.15 Aston Villa - Norwich
00.00 Man. City - Swansea

krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Samsent barnaefni frá Stöð 2.
08.00 Dóra könnuður
08.25 Áfram Diego, áfram!
08.50 Doddi litli og Eyrnastór
09.00 UKI
09.05 Stubbarnir
09.30 Strumparnir
09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.15 Ævintýri Tinna
10.40 Histeria!
11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
17.05 Xiaolin Showdown
17.25 Villingarnir
17.50 iCarly (30:45)

POPPTÍVÍ

17.05 Simpson-fjölskyldan Quimby borgarstjóri ákveður að leyfa hjónavígslu samkynhneigðra í Springfield í von um að auka ferðamannastrauminn. Vandinn er hins vegar sá að Lovejoy prestur neitar að gefa samkynhneigða saman. Grípur Hómer gæsina, með dollaramerki í augum, nær sér í vígsluréttindi og makar krókinn með því að sérhæfa sig í hjónavígslum samkynhneigðra.
17.25 Sjáðu
17.50 The Middle (10:24)
18.15 Glee (11:22)
19.00 Friends (15:24)
19.25 Simpson-fjölskyldan (18:22)
19.50 How I Met Your Mother (2:22) Barney hjálpar Marshall að rifja upp piparsveinatæknina og þeir byrja á listinni að reyna við konur.
20.10 American Dad (11:19)
20.35 The Cleveland Show (11:21) Teiknimyndaþættir sem fjalla um líf Cleveland-fjölskyldunnar.
21.00 Breakout Kings (11:13) Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum.
21.45 The Middle (10:24)
22.10 American Dad (11:19)
22.35 The Cleveland Show (11:21)
23.00 Breakout Kings (11:13)
23.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

GULL

18.15 Doctors (59:175)
19.00 Ellen (32:170)
19.40 Two and a Half Men (2:24)
20.05 Seinfeld (2:5)
20.30 Entourage (2:12)
21.00 Curb Your Enthusiasm (1:10)
21.35 The Sopranos (11:13)
22.25 Ellen (32:170)
23.10 Two and a Half Men (2:24)
23.35 Seinfeld (2:5)
00.00 Entourage (2:12)
00.30 Curb Your Enthusiasm (1:10)
01.00 The Sopranos (11:13)
01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Dr. Phil (e)
09.25 Pepsi MAX tónlist
15.15 Parenthood (4:22) (e)
16.00 Top Gear 18 (4:7) (e)
16.50 Rachael Ray
17.35 Dr. Phil
18.15 Ringer (9:22) (e)
19.05 America's Funniest Home Videos (27:48) (e)
19.30 Everybody Loves Raymond (23:25) (e)
19.55 Will & Grace (18:24) (e)
➤ **20.20 Half Ton Killer**
21.10 My Mom Is Obsessed (3:6)
22.00 CSI: Miami (6:19) Draugapenni hyggst opinbera sig gagnvart heiminum en allt fer á annan veg en ætlað var í upphafi.
22.50 House of Lies (3:12)
23.20 Hawaii Five-0 (3:24) (e)
00.05 Johnny Naz (5:6) (e)
00.35 Dexter (1:12) (e)
01.25 Blue Bloods (13:22) (e)
02.10 Excused (e)
02.35 House of Lies (3:12) (e)
03.00 Everybody Loves Raymond (23:25) (e)
03.25 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.05** CIMB Classic 2012 (3:4) **11.05** Golfing World **11.55** Golfing World **12.45** CIMB Classic 2012 (3:4) **16.45** Ryder Cup Official Film 2004 **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (42:45) **19.20** LPGA Highlights (19:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (21:25) **21.35** Inside the PGA Tour (43:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (38:45) **23.45** ESPN America

INN

20.00 Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 100,5 Kaninn	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

markhonnun.is

nettó
mjódd
lágt verð dag & nótt

REYKJAVÍKUR-NÆTUR

Sala á nýrri bók Arnaldar Indriðasonar, Reykjavíkurnætur, hefst á miðnætti í kvöld. Nettó Mjódd, opið dag og nótt.



SALA HEFST Á MIÐNÆTTI Í NETTÓ MJÓDD

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Ég er rosalega hrifinn af spennuþáttunum Boss með Kelsey Grammer í aðalhlutverki. Frábærir spennuþættir um pólitík, spillingu og tilhugalíf.“

Biggi Hilmars tónlistarmaður

Vill ekki missa gullverðlaunin

„Jú, jú, það er alveg svipur með okkur,“ segir íþróttafréttamaðurinn Hans Steinar Bjarnason.

Hann mætti í hrekkjavökupartí um síðustu helgi í gervi hvít-rússneska kúluvarparans Nadzeya Ostapchuk.

Hans Steinari og Ostapchuk hafði verið líkt saman á vefsíðunni Flick My Life í sumar og ákvað hann að taka grínið alla leið. „Ég fór í Sports Direct og keypti mér hlýrabol og stuttbuxur á þúsund kall. Þetta er einfaldasti búningur í sögunni,“ segir hann og hlær.

Partíið sem hann mætti í er árlegt grímuball haldið af félaginu Dejà Vu sem er skipað fyrrum starfsmönnum samnefnds skemmtistaðar. Hans Steinar vann eitt sinn með plötusnúðnum Kidda Bigfoot og komst þannig inn í félagið. Verðlaun eru veitt fyrir besta búninginn og í stað þess að eyða miklum tíma og pening í búninginn ákvað Hans að prófa eitthvað nýtt í ár. „Ég er búinn að mæta sem kylfingur, olíubarón og Tommy úr Come Fly With Me-þáttunum, þar sem ég afgreiddi meira að segja á Metró. En þetta er fyrsti búningurinn sem dugar til sigurs,“ segir hann stoltur.

Ostapchuk varð Ólympíumeistari í sumar en þurfti að skila gullverðlaununum eftir að hafa fallið á lyfjaprófi. Hans Steinar ætlar ekki að láta hið sama henda sig. „Það er ekki hægt að taka þessi gullverðlaun af mér. Ég mun berjast fram í rauðan dauðann til að halda þeim.“

- fb



STERKUR SVIPUR Eins og sjá má er sterkur svipur með Hans Steinari og kúluvarparanum Ostapchuk.

SANDRA ÞÓRÐARDÓTTIR: AÐ SJÁLFSÖGÐU UNNUM VIÐ

Þrjár raddir komu fram fyrir milljón Norðmenn

„Þáttastjórnandinn hafði heyrt í okkur og það var hann sem hafði samband og spurði hvort við vildum taka þátt. Þetta var ótrúlega gaman og við skemmtum okkur mjög vel,“ segir Sandra Þórðardóttir. Sönghópurinn Þrjár raddir og Beatur tóku þátt í sjónvarpsþættinum Beat for Beat sem sýndur var á NRK á föstudag. Sandra skipar sveitina ásamt Ingu Þyrí Þórðardóttur, Kenyu Emil og Bjarti „Beatur“ Guðjónssyni taktkjafti, en hópurinn hefur verið búsettur í Noregi síðustu tvö árin.

Beat for Beat er skemmtiþáttur sem sýndur er í norska ríkissjónvarpinu og er það Ivar Dyrhaug sem stýrir þættinum ásamt tónlistarmönnunum Gisle Børge Styve og Trond Nagell Dahl. Þátturinn nýtur mikilla vinsælda í Noregi og að sögn Söndru horfir um milljón manns á hann hvert föstudagskvöld. Ásamt því að keppa í þættinum tók sveitin einnig eitt lag fyrir áhorfendur. Spurð um úrslitin segir Sandra hlæjandi: „Að sjálfsögðu unnum við.“

Hún vonar að þátttökunni fylgi aukið umtal og fleiri verkefni fyrir sönghópinn. „Hérna ganga hlutirnir ekki eins fyrir sig og heima, hér er mjög erfitt að fá umfjöllun ef þú ert ekki frægur. En við vonum að þátttakan í Beat for Beat muni leiða til stærri og fleiri verkefna. Við höfum þegar fengið nokkrar fyrirspurnir í tölvupósti eftir þáttinn sem er æðislegt.“

Hópurinn hefur haft í nógu að snúast síðan hann flutti til Noregs fyrir tveimur árum. „Við erum ævintýragjörn og okkur langaði að prófa eitthvað nýtt. Fyrst bjuggum við öll í einu herbergi sem við leigðum á 240 þúsund krónur, borðuðum túnfisk í öll mál og vorum næstum búin að drepa hvert annað. Núna búum við hvert í sinni íbúð og það er mun betra,“ segir hún og hlær.

Spurð út í önnur verkefni söngsveitarinnar segir Sandra þau vinna að uppsetningu leiksýningar sem sýnd verður í Óperuhúsinu í Ósló í mars. „Leikstjóri sýningarinnar vildi endilega fá okkur með sér í lið. Sýningin fjallar um útgáfufyrirtækið Motown og við erum núna í því að útsetja lög fyrir sýninguna.“

sara@frettabladid.is.

SUNGIÐ Stúlkurnar í Þremur röddum ásamt Cecilie Steinmann Neess, andstæðingi sínum í sjónvarpsþættinum Beat for Beat.

Keppa við Jay Z og Kanye West

„Það er mikill heiður að keppa við svona stór nöfn í tónlistarbransanum,“ segir Atli Viðar Þorsteinsson framleiðandi. Myndband hans og Helga Jóhannssonar leikstjóra við lagið What Are You Waiting for með Diktu keppir í tónlistarmyndbandakeppninni Protoclip.

Keppnin er alþjóðleg og haldin í Frakklandi dagana 30. nóvember og 1. desember næstkomandi. Önnur framlög í keppninni eru meðal annars myndband Jay Z og Kanye West við lagið No Church in The Wild og myndband sveitarinnar Foster the People við lagið Houdini. „Það eru mörg stór nöfn í þessari keppni og mjög gaman að hafa komist að,“ segir Atli en þeir félagar sendu myndbandið sjálfir inn. „Maður leitar út fyrir landsteinana til að koma verkum sínum á framfæri. Tónlistarmyndbönd verða gjarnan út undan hérna heima og er illa sinnt að mínu mati.“

Leikstjórinn Michel Gondry er guðfaðir keppninnar, en hann hefur meðal annars gert tónlistarmyndbönd fyrir Björk, Rolling Stones og Paul McCartney. Atli Viðar og Helgi leita nú leiða til að komast út á sjálfa verðlaunaafhendinguna enda kjörið tækifæri til að hitta kollega sína í myndbandagerð.

Kosning í keppninni fer fram á netinu en á Protoclip.com/en/competition.php er hægt að sjá alla keppendur og kjósa. „Við hvetjum að sjálfsögðu alla Íslendinga að kjósa landa sína.“

- áp

KEPPA VIÐ STJÖRNURNAR Myndband Atla Viðars Þorsteinssonar og Helga Jóhannssonar við lag Diktu, What Are You Waiting for, keppir við stór nöfn í alþjóðlegri myndbandakeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MYNDBÖND ATLA OG HELGA

- **Berndsen** - Supertime
- **Berndsen** - Young Boy
- **Tilbury** - Drama
- **Árstíðir** - Shades

DEBENHAMS

Bláa bomban

VERÐSPRENGJA!

20%
viðbótarafsláttur
af allri útsöluvöru

Gildir út sunnudag

40% afsláttur af Red Herring dömu- og herrafatnaði

40% afsláttur af öllum húfum, hönskum og treflum

BARA MIÐVIKUDAG OG FIMMTUDAG

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Finndu okkur á facebook

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bubbi og Bó með dúett

Áhorfendur á Jólagestum Björgvins í Laugardalshöll í desember fá óvæntan glaðning því reynsluboltarnir **Bubbi Morthens** og gestgjafinn Björgvin Halldórsson ætla að syngja dúett á tónleikunum. Líklegt er að lagið sem þeir syngja verði af vinsælli jólaplötu Hauks Morthens, sem var einmitt endurútgefin á síðasta ári. Bubbi ætlar einnig að syngja lög af jólaplötu sinni, sem verður hans fyrsta á ferlinum. Þetta verður jafnframt í fyrsta sinn sem Bubbi tekur lagið á Jólagestum Björgvins.

Óttarr vill á þing

Guðmundur Steingrímsson og félagar í Bjartri framtíð vinna nú hörðum höndum að því að manna framboðslista sína fyrir komandi þingkosningar. Á meðal þeirra sem hafa hug á að taka sæti ofarlega á lista í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæminu er **Óttarr Proppé**, borgarfulltrúi Besta flokksins og músíkant. Sterk tengsl eru á milli flokkanna tveggja, enda er annað höfuð Bjartrar framtíðar Heiða Kristín Helgadóttir, sem var hægri hönd Jóns Gnarr þegar Besti flokkurinn vann stórsigur í síðustu borgarstjórnarkosningum. Óttarr bætist með þessu í hóp þeirra Heiðu og Guðmundar, Freyju Haraldsdóttur og Brynhildar Péturs-dóttur á Akureyri.

- fb, sh

Mest lesið vísir

1. Sandy hefur kostað 14 manns lífið, eignatjón er gífurlegt
2. Mótmæltu berbrjósta í IKEA
3. Hrikalega stór lömb í Djúpinu
4. Um 50 heimili hafa brunnið
5. Sprengingin sem olli rafmagnsleysi á Manhattan

„ÞETTA ER DÚNDUR.“
EGILL HELGASON / KILJAN



www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

50% AFSLÁTTUR!

TWIN XL
Twin XL (97x203 cm)
Fullt verð 174.800 kr.
RÝMINGARVERÐ 87.400 kr.
ADEINS 4 RÚM!
• 3gja svæða skipt
• Millistíft
• Frábært verð

CAPE FIRM
Cal King Size (183x213 cm)
Fullt verð 340.200 kr.
RÝMINGARVERÐ 170.100 kr.
ADEINS 4 RÚM!
• 5-svæða skipt
• Stíft
• Mest selda rúmið síðasta árið

ALLURE
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 163.600 kr.
RÝMINGARVERÐ 81.800 kr.
AÐEINS 3 RÚM!
• 3gja svæða skipt
• Millistíft-stíft
• Besta verðið

ALBERTA PLUSH
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 299.200 kr.
RÝMINGARVERÐ 149.600 kr.
• 5-svæða skipt
• Millistíft
• Sterkasta gormakerfið
AÐEINS 2 RÚM!

GREY
King Size (193x203 cm)
Fullt verð 299.900 kr.
RÝMINGARVERÐ 149.950 kr.
• 5-svæða skipt
• Millistíft
• Góður toppur
AÐEINS 1 RÚM!
ATH.! FLEST RÚMIN ERU TIL Í FLEIRI STÆRÐUM

ADVANCE
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 282.300 kr.
RÝMINGARVERÐ 141.150 kr.
AÐEINS 2 RÚM!
• Þrýstijöfnunardýna
• Fullkomin aðlögun

ARGH!!! 311012

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16